

DALRÚN KALDAKVÍSL

Hákarlamenn á hafi úti

Samspil náttúruafla og hákarlaveiða í sögu og samtíma



Samsett mynd: Hákarl veiddur í troll á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni. Ljósmyndari: Jóhannes Sturlaugsson / Hönd hákarlamanns. Ljósmyndari: Kaldakvísl.

Þó ég sé magur og mjór á kinn
mana ég þig sláni.
Komdu nú á krókinn minn,
kjaftastóri gráni.

Þessa vísu kváðu íslenskir hákarlamenn á árabátum og skútum, er þeir sátu undir vað og biðu eftir því að gamli gráni biti á. Vísa sú hefur verið kölluð þjóðsöngur hákarlamanna, svo oft var hún kveðin mann fram af manni á haffletinum: „Komdu nú á krókinn minn.“¹ Það er ekki hending ein að ég hefji

¹ Sigurjón Sigtryggsson, *Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Þættir úr sögu Hvanneyrarhepps*, 3. bindi, Reykjavík: Sögusteinn, 1986, bls. 1002.



Ritid
1. tbl. 24. árg. 2024 (57-98)
Ritrynd grein

© 2024 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.1.3
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

greinaskrif mín á þessari margkveðnu vísu, því vísa sú, höfundarlaus og fagurlega ort, kristallar efni greinarinnar; veiðitengt samband hákarlamannsins við huldufisk Norður-Atlantshafsins, hákarlinn (*Somniosus microcephalus*) – kjaftastóra grána.² Íslendingar hafa löngum sótt sjóinn, en tiltölulega lítið hefur verið fjallað um hvernig hafið og lífríki þess mótar mennina og vinnu þeirra á hafi úti, út frá fræðilegu sjónarhorni. Slíkt er markmið þessara skrifa sem fjalla um hvernig hafið og hákarlinn höfðu áhrif á vinnu og vinnumenningu hákarlamanna.³ Í greininni er sjónum beint að hákarlaveiðum Íslendinga frá síðari hluta 19. aldar og fram á 21. öld.⁴ Þannig er kleift að fanga reynslu og upplifun hákarlamanna með hliðsjón af vélvæðingu íslenska báta- og skipaflotans, og út frá breyttri nýtingu á hákarlinum sem olli straumhvörfum í veiðiskap hákarlamanna. Nálgunin gefur færi á að skoða hvernig samband manna við hafið og hákarlinn breyttist á þessu tímabili - frá ótæknivæddu samfélagi til tæknivædds samfélags.

Spurningin er; hvernig greinir maður veiðitengt samband manna við hafið og fisk sem heldur sig í regindjúpum þess? Í þessum skrifum er samband hákarlamanna við hafið og hákarlinn skilgreint út frá sjónarhorni hákarlamanna með því að notast við heimildir er byggja á lifaðri reynslu (e. *lived experience*) hákarlamanna allt frá síðari hluta 19. aldar til 21. aldar. Skoðað er hvað reynslusögur hákarlasjómannanna segja um þá þekkingu og tengsl sem skapast í samneyti sjómanns og hákarlsins sem hann veiðir. Ritheimildir sem lýsa lifaðri reynslu

² Hér er stuðst við heitið hákarl sem er algengasta íslenska heitið yfir *Somniosus microcephalus*. Almennir er vísað til hákarls á ensku sem *greenland shark* sem á íslensku útleiggst grænlandshákarl.

³ Það liggja ekki fyrir margar rannsóknir á hákarlaveiðum Íslendinga. Fyrirliggjandi rannsóknir taka fyrst og fremst til hákarlaveiða á skútuöldinni þar sem sjónum er beint að skipakosti, veiðiaðferðum og hákarlaverkun hákarlamanna, sem og áhrifum hákarlaveiða á íslenskan efnahag – en vöntun er á fræðilegri umfjöllun um hákarlaveiðar á vélbátaöldinni sem bætt er úr í þessari grein. Hæst ber rit Lúðvíks Kristjánssonar, *Íslenskir sjávarhættir*, sem er óður íslenskrar fræðimennsku til hafsins og nýtingar þess: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 1.–5. bindi, Reykjavík: Menningarsjóður, 1980–1986. Sjá einnig: Gils Guðmundsson, *Skútuöldin*, 1.–5. bindi, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1977; Jón Þ. Þór, „Hákarlinn og endurreisn íslensks efnahagslífs á 19. öld“, *Ársrit Sögufélags Ísfríðinga* 43/2003, bls. 277–283; sami, „Hákarlaveiðar Eyfríðinga á síðari hluta 19. aldar“, *Ægir* 74/1981, bls. 418–431, 490–499, 536–554; sami, „Hákarlatíminn“, *Sjósókn og sjávarfang. Saga sjávarútvegs á Íslandi: 1. bindi. Árabáta- og skútuöld*, Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2002, bls. 177–178; Már Jónsson, „Hákarlaveiðar í Strandasýslu á öðrum fjórðungi 19. aldar“, *Sögubing 2012. Ráðstefnurit*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2013, bls. 1–16.

⁴ Grein þessi er hluti af rannsókn minni á sambúð hákara og Íslendinga. Sjá: Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Shark fishing in Iceland. Ocean Oral history* [videó plakat]. Sýnt á ráðstefnunni Sharks Inernational; október, 2022. Sjá einnig frjáls félagsamtök mín, Hákarlar við Ísland, www.sharkiceland.com.

manna af hákarlaveiðum eru takmarkaðar uns kemur fram á seinni hluta 19. aldar þegar ritaðar æviminningar hákarlamanna taka að birtast að marki. Heimildir um hákarlamenn og hákarlaveiðar á vélbátaöld eru á hinn bóginn af skornum skammti. Sjómönnum sem hafa gert út á hákarl á 20. öld fer sífellt fækkandi hér á landi sem er til merkis um mikilvægi þess að skrá sögu þessara manna. Fyrir þessa rannsókn voru tekin viðtöl við sex hákarlamenn sem hafa stundað hákarlaveiðar og verkun. Í viðtalsvinnunni studdist ég við aðferðafræðina munnlega sögu (e. *oral history*) sem felur í sér að afla munnlegra heimilda með sagnfræðiviðtölum (e. *oral history interviews*), greina viðtölin og setja þau fram sem sagnfræðilega þekkingu.⁵ Fræðimenn hafa bent á gildi munnlegrar sögu í rannsóknum á sambandi manna og náttúru (e. *human-nature relationship*).⁶ Munnleg saga gerir kleift að fanga reynslu, viðhorf og þekkingu fólks á náttúrunni með viðtalsforminu og miðla til almennings – og verður því að teljast einkar notadrjúg nálgun á tímum hraðra umhverfisbreytinga.⁷ Tæð aðferðafræði gaf mér færi á að skyggjast í reynsluheim hákarlamanna á 20. og 21. öld með því að skoða sjóstörf hákarlamanna – sem og viðhorf þeirra til hákarlsins út frá nýjum sjónarhornum með því að spyrja spurninga sem sjaldan eru bornar upp í tengslum við samband sjómanna og fiska. Reynslusagnir sjómanna, sértækt málfar þeirra tengt sjónum, læsi þeirra á sjóinn og vistkerfi hans, eru í mínum huga sérstæð munnleg saga; munnleg hafsaga. Viðtöl voru tekin við feðgana Hrein Björgvinsson (f. 1943) og Björgvín Agnar Hreinsson (f. 1964) á Vopnafirði; Óla Hjálmar Ólason (f. 1931) í Grímsey; Ríkharð Lúðvíksson (f. 1964) á Ólafafirði; Helga Héðinsson (f. 1928) á Húsavík; og Sverri Björnsson (f. 1939) á Siglufirði. Einnig voru viðtöl tekin við aðra aðila sem þekkja til hákarlaveiða á borð við hákarlaverkendur, hákarlaskipamódelismið og aðila sem ólust upp á svæðum þar sem hákarlaveiðar voru stundaðar á fyrri hluta 20. aldar.⁸

Um leið og skrif þessi standa á gömlum merg fræðiskrifa um vinnutengt

⁵ Í viðtalsvinnunni var einnig aflað upplýsinga er varða hákarlaveiðar á skútuöldinni og á öndverðri vélbátaöldinni. Rannsóknin naut til dæmis þess að fimm af viðmælendum mínum áttu afa og/eða langaafa sem höfðu farið í hákarlalegur og gátu miðlað upplýsingum af veiðiskap þeirra.

⁶ Brian Williams og Mark Riley, „The challenge of oral history to environmental history“, *Environment and History* 26:2/2020, bls. 207–231, hér bls. 3 og 11.

⁷ Katie Holmes og Heather Goodall, „Telling Environmental Histories“, *Telling Environmental Histories. Intersections of Memory, Narrative and Environment*, ritstjórar Katie Holmes og Heather Goodall, London: Palgrave Macmillan, 2017, bls. 16–47, hér bls. 20–22 og 24; Paul Thompson, *The Voice of the Past*, 3. útg. Oxford: Oxford University Press, 2000 [1978], kindle útg., bls. 9.

⁸ Viðtölin voru tekin á árunum 2022–2023. Öll viðtölin voru kvikmynduð.

samband Íslendinga við hafið, eru skrifin undir áhrifum af vaxandi umhverfisvitund í hugvísindum er tengist hinni bláu uppsprettu lífsins, vatninu og lífríki þess.⁹ Umfjöllunin er svar við herópi vísindamanna sem kalla eftir rannsóknum sem varpa ljósi á tengsl manna við hafið, lungu jarðar, á tímum þegar mennirnir eru komnir á fremsta hlunn með að spilla vistkerfi jarðar um of.¹⁰ Loftslagsrannsóknir sýna að hafið og líffræðilegur fjölbreytileiki þess gegnir meginhlutverki hvað varðar heilbrigði lofthjúps jarðar.¹¹ Hákarlinn er ránfiskur, efst í fæðuvef Norður-Atlantshafsins og Norður-Íshafsins, og kemur því með beinum hætti inn í þá mikilvægu umræðu sem tengist heilbrigði hafsins – engu að síður hefur mikilvægi hákarlsins sem topprándýrs (e. *top predator*) í höfum norðurhvelsins löngum verið vanmetið.¹² Í dag er hákarlinn skilgreindur af IUCN sem berskjölduð (e. *vulnerable*) tegund.¹³ Sú slæma staða hákarlsins vitnar um hve aðkallandi það er

⁹ Hin þverfaglegu vatnahugvísindi/bláu hugvísindi (e. *blue humanities*) hverfast um síbreytilegt samband manna við vatnið og lífríki þess. Hugvísindamenn á þessu sviði skoða samspil millum manna, sjávar og ferskvatns (e. *human-aquatic interactions*) með nýjum leiðum út frá vatnsmiðuðu sjónarhorni (e. *water-centric thinking*) í því skyni að auðga sýn manna á samband þeirra við vatnið. Hugvísindi er fjalla um tengsl manna við vatnið fjölluðu í upphafi að mestu um tengsl manna við hafið en síður við ferskvatnið – og þá jafnan með vísan til hafvæðingar í hugvísindum (e. *oceanic turn*). Auk nefnds hugtaks, *blue humanities*, þá hefur verið stuðst við önnur ensk hugtök á borð við „oceanic humanities“, „humanist oceanic studies“, „blue ecocriticism“, „critical ocean studies“, „aquatic environmentalism“ og fleiri hugtök sem útleggja mætti sem hafhugvísindi á íslensku. Af grundvallarverkum um vatnahugvísindi ber helst að nefna: Serpil Oppermann, *Blue Humanities. Storied Waterscapes in the Anthropocene*, Cambridge: Cambridge University Press, 2023; Steve Mentz, *An Introduction to the Blue Humanities*, Milton Park, Abingdon, Oxon: Routledge, 2023; sami, „Toward a Blue Cultural Studies. The Sea, Maritime Culture, and Early Modern English Literature“, *Literature Compass* 6/2009, bls. 997–1013, hér bls. 1008. Sjá einnig um umhverfshugvísindi Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Þorvarður Árnason, „Inngangur að þema“, *Ritið* 3/2019, bls. 1–7.

¹⁰ Sjá Helen M. Rozwadowski, *Vast Expanses. A History of The Ocean*, Waterside: Reaktion Books, 2018, kindle útg. inngangskaffi, 10. málsgrein; Michael Chiarappa og Matthew McKenzie, „New Directions in Marine Environmental History. An Introduction“, *Environmental History* 18/2013, bls. 3–11.

¹¹ Sylvia A. Earle, *The World is Blue. How Our Fate and the Ocean's are one*, Washington: National Geographic Society, kindle útg., bls. 12 og 116–119.

¹² Julius Nielsen o.fl., „Distribution and feeding ecology of the Greenland shark (*Somniosus microcephalus*) in Greenland waters“, *Polar Biology* 37/2014, bls. 37–46, hér bls. 38; M.A. MacNeil o.fl., „Biology of the Greenland shark *Somniosus microcephalus*“, *Journal of Fish Biology* 80/2012, bls. 991–1018, hér bls. 992; Lisa-Marie E. Leclerc o.fl., „A missing piece in the Arctic Food web puzzle? Stomach contents of Greenland sharks sampled in Svalbard, Norway“, *Polar Biology* 35/2012, bls. 1197–1208, hér bls. 1197 og 1207.

¹³ D.W. Kulka, C.F. Cotton, D. Derrick, B. Anderson, K. Herman og N.K. Dulvy, *Somniosus microcephalus. The IUCN Red List of Threatened Species*, 2020, e.T60213A124452872.

að fræðimenn beini sjónum sínum að samspili manna og hákarla, í vistfræðilegu og sögulegu ljósi.

Sagnfræðingar hafa færi á að skoða hvernig tengsl manna við hafið og sjálft vistkerfi hafsins hefur tekið stakkaskiptum í tímans rás með því að „rannsaka óendanlega margslungnar sögur af fólki og höfum,“ skrifaði hafsagnfræðingurinn W. Jeffrey Bolster, sem fjallað hefur um mikilvægi þess að söguvæða hafið – hafi og mönnum í hag.¹⁴ Hafsagan byggir á flóknu samspili manna og hafsins, en eitt er víst; að vinna manna er tengist hafinu var og verður undirstaða sambands manna við hafið. Nokkuð sem vitnar um skýra skörun vinnusögunnar og umhverfissögunnar. Fræðimenn hafa þó gagnrýnt að vinnusagan, sem hefur tekið umfangsmiklum breytingum á síðustu tveimur áratugum, hafi ekki ljáð náttúrunni sértæka athygli. Sömuleiðis hafa fræðimenn gagnrýnt að umhverfissagan, sem tekur til gagnvirs sambands manna og náttúru, horfi tíðast á vinnu sem eyðandi afl í náttúrunni, en síður sem leið fyrir fólk til að öðlast grundvallarþekkingu á náttúrunni – leið sem getur mótað djúpstæð tengsl manna við náttúruna.¹⁵ Í þessari grein fá sinn sess hvorutveggja vinnan og náttúran, með því að skoða hvernig hákarlamenn öðluðust tengsl og þekkingu á hafinu og hákarlinum út frá hákarlaveiðum. Slík söguleg nálgun varpar allt í senn ljósi á gerendahæfni hafsins, hákarlsins og hákarlamanna í sögu hákarlaveiða við Ísland hákarlamanna – svo vitnað sé á ný í Bolster: „Að endurskrifa hafsöguna með því að líta á hið lifandi haf sem kraftmikinn leikanda í mannlegri tilvist getur skilað mikilli þekkingu um menn sem vistfræðilega gerendur. Og slík nálgun getur leitt til vel unninna sagna sem eru hrifandi fyrir eigin sakir.“¹⁶ Með því að fjalla um

<https://dx.doi.org/10.2305/IUCN.UK.2020-3.RLTS.T60213A124452872.en>

¹⁴ W. Jeffrey Bolster, „Opportunities in Marine Environmental History“, *Environmental History* 11/2006, bls. 567–597, hér bls. 569 og 574. Bolster er helsti forvígismaður sjávarumhverfissagnfræðinnar (e. *marine environmental history*) sem leggur áherslu á að rannsaka áhrif manna á lífríki hafsins og viðhorf manna til nýtingar þess, ofulega með það fyrir augum að hafa áhrif á umgengni manna við hafið til framtíðar lítið. Sjá einnig Kathleen Schwerdtner Máñez og Bo Poulsen, „Of Seascapes and People. Multiple Perspectives on Oceans Past“, *Perspectives on Ocean Past. A Handbook of Marine Environmental History*, ritstjórar Kathleen Schwerdtner Máñez og Bo Poulsen, New York: Springer, 2016, bls. 1–10.

¹⁵ Janis Bailey og Ross Gwyther, „Red and Green. Towards a Cross-Fertilisation of Labour and Environmental History“, *Labour History* 99:1/2010, bls. 1–16, hér bls. 1, 9 og 11; Richard White, „Are You an Environmentalist or Do You Work for a Living?“ *Work and Nature*“, *Uncommon Ground. Rethinking the Human Place in Nature*, ritstjóri William Cronon, New York: W. W. Norton & Company, 1996, kindle útg., bls. 235–257, hér bls. 239; William Cronon, „The Trouble with Wilderness; or, Getting Back to the Wrong Nature“, *Uncommon Ground. Rethinking the Human Place in Nature*, ritstjóri William Cronon, New York: W. W. Norton & Company, 1996, kindle útg., bls. 90–122, hér bls. 107 og 114–115.

¹⁶ W. Jeffrey Bolster, „Opportunities in Marine Environmental History“, bls. 571.

hákarlaveiðar, snertiflöt hafs, hákarls og manna – þá gefst tækifæri á að dýpka skilninginn á tengslum Íslendinga við hinn djúpsækna hákarl, út frá sjónarhorni þeirra Íslendinga sem hafa lifað í snertingu við hann í aldanna rás.

Hákarlaveiðar Íslendinga

„Heimkynni hákarlsins eru hin köldu höf norðurhvelsins,“ skrifaði náttúrufræðingurinn Bjarni Sæmundsson (1867–1940) í riti sínu *Fiskarnir*: „...það ber æði mikið á græðgi hans, af því að hann er svo stór og þurftarfrekur.“¹⁷ Hákarlinn er einn stærsti fiskurinn hér við land og má finna hann allt í kringum landið.¹⁸ Kaldranaleg heimkynni hákarlsins, hæg efnaskipti og seinlyndar en jafnframt tignarlegar hreyfingar hans, stuðla að háum aldri hákarlsins sem samkvæmt fræðimönnum getur orðið allt að 500 ára gamall.¹⁹ Þessi stóri háfiskur er allur rúnnum ristur og minnir um margt á sjávarsorfinn stein. Danski líffræðingurinn Julius Nielsen sem rannsakað hefur hákarlinn um árabíl segir ummerkin á skrokki hákarlsins, hin djúpu ör sem marka fornan skrápinn, geta að hluta stafað af veiðarfærum manna.²⁰ Með hliðsjón af þeim orðum Nielsen og langlífis hákarlsins, má hæglega geta sér til um það að elstu hákarlarnir sem synda við Ísland í dag beri margra alda ummerki eftir veiðarfæri Íslendinga allt aftur til Tyrkjaránsins; að saga hákarlaveiða fyrir og eftir vélvæðingu íslenska báta- og skipaflotans sé skráð á skrápi hákarla samtímans. Saga hákarla og Íslendinga er ekki ýkja löng með hliðsjón af náttúrusögu hákarlsins; saga sem hefst að öllum líkindum við landnám og spannar því einungis æviskeið fjögurra til fimm hákarla.

Af sagnfræðilegum rannsóknum á hákarlaveiðum ber helst að geta umfjöllunar Lúðvíks Kristjánssonar um hákarlaveiðar á árabátum og skútum, sérilagi undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar, í ritsmið hans *Íslenskir sjávarhættir*. Lúðvík telur líklegt að Íslendingar hafi byrjað að stunda hákarlaveiðar á þjóðveldisöld að fyrirmynd Norðmanna. Heimildir um sambúð Íslendinga og hákarla á fyrstu öldum Íslandsbyggðar eru þó rýrar en ljóst má vera að hákarlaveiðar voru

¹⁷ Bjarni Sæmundsson, *Fiskarnir. Pisces Islandiæ*, Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1926, bls. 483–484.

¹⁸ Gunnar Jónsson, Jónbjörn Pálsson og Jón Baldur Hlíðberg, *Íslenskir fiskar*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2006, bls. 72.

¹⁹ Julius Nielsen, Rasmus B. Hedeholm og fleiri, „Assessing the reproductive biology of the Greenland shark (*Somniosus microcephalus*)“, *PLOS ONE* 15/2020, bls. 1–22.

²⁰ Sarah Keartes, „TBT. That time a shark we’d never heard of made a deep-sea cameo“, *Earth Touch News Network*, 14. júlí 2016, sótt 29. febrúar 2024 af <https://www.earthtouchnews.com/oceans/sharks/tbt-that-time-a-shark-wed-never-heard-of-made-a-deep-sea-cameo/>.



Samsett mynd: Ljósmyndir af hákarlamönnum úr bókinni *Hákarlalegur og hákarlamenn*. / Ljósmynd af Birni Ólafi Jónssyni (1864-1924) hákarlaskipstjóra úr einkasafni Hólmfríðar Sigurlínu Björnsdóttur.

orðnar nokkuð algengar á 14. öld og 15. öld og færðust í aukana á næstu öldum.²¹ Hákarl var hafður til búdrýginda og nýttist sem gjaldmiðill; holdið var verkað til matar og lýsið notað til ljósa.²² Í aldaraðir voru hákarlaveiðar hættulegar og viðsjálar veiðar, er menn sóttu langt á haf út í leit að djúpsækna hákarlinum, þegar farið var „í svokallaðar hákarlalegur eða setur á opnum skipum og tók hver ferð oftast 2-4 daga, en gat orðið ein til tvær vikur, ef afli var tregur og veður hagstætt. Þóttu þessar ferðir ærið slarksamar, enda tíðum farnar um hávetur“ skrifaði Jón Þ. Þór sagnfræðingur.²³ Hákarlaútgerð á Íslandi óx ásmegin á 17. öld og sérílagi á 18. og 19. öld sökum aukinnar eftirspurnar eftir lýsi sem ljósmetis erlendis. Markaðsveiðar á hákarli fyrir lifrina var einn meginburðarás íslensku þilskipaútgerðarinnar, því lýsið var verðmæt útflutningsvara sökum hás lýsisverðs: „Hákarlaveiðarnar gáfu mikinn og skjótfenginn gróða og sköpuðu fyrsta

²¹ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 320–321.

²² Fram um 1880 var stunduð heimabræðsla af hendi útvegsbænda en síðan var farið að bræða lifrina í lifrabræðslustöðvum á vegum kaupmanna og verslunarfélaga. Gils Guðmundsson, *Skútuöldin*, 4. bindi, bls. 113–114.

²³ Jón Þ. Þór, *Sjósókn og sjávarfang*, bls. 177.

umtalsverða uppgangsskeiðið í sögu íslensks sjávarútvegs á síðari öldum.²⁴

Hákarlaveiðar voru iðulega stundaðar í hjáverkum meðfram landbúskap og/eða hefðbundinni sjómennsku, hvað helst á Norðurlandi og Vesturlandi. Hákarlamenn, iðulega bændur og vinnumenn, gerðu gjarnan út frá heimilum sínum í ígripum meðfram öðrum veiðum, á sérsníðuðum hákarlaskipum, sem og litlum róðrabátum.²⁵ Menn lögðu upp í hákarlalegur á misjöfnum tímum eftir landshlutum, en iðulegast á síðustu vetrarmánuðunum og á vorin þegar hákarlinn kom upp á landgrunnið, en einnig fram eftir sumri er hákarlinn var genginn út í djúpin: „Ekki var það heiglum hent að stunda þessa atvinnu um hávetur á opnum skipum, þar var ekkert afdrep fyrir stormi, ágjöf og snjó, engin upphitun. Það þótti gott þegar súrblandan fraus ekki á kútnum“ skrifaði hákarlamaðurinn Jóhannes frá Asparvík (1906–1984) sem var einn þeirra síðustu Íslendinga er stunduðu hákarlaveiðar á opnum skipum um hávetur.²⁶ Hákarlaveiðar þóttu einkar strembnar og áhættusamar en eftirsóknarverðar því hákarlamönnum græddist mikið fé umfram aðra erfiðisvinnu til lands og sjávar. Eftir því sem bátarnir urðu stærri sóttu hákarlamenn lengra á haf út. Hákarlamenn á 19. öld voru rómaðir fyrir langferðir á hættulegar slóðir, þar sem allra veðra var von og menn áttu á hættu að liggja veðurtepptir í viku eða lengri tíma í senn. Sögur segja af hákarlamönnum sem hröktust víða; í kringum landið – við Grænlandsstrendur – við eyjuna Jan Mayen í Norðurhöfum – og á Halamiðum á brún landgrunnisins:²⁷ „Hákarladrekarnir, sem gömlu mennirnir höfðu misst þarna úti af völdum hafíss og veðurs, fóru að koma í botnvörpunar hver á fætur öðrum og töluðu skýru máli,“ segir í *Skútuöldinni*.²⁸ Er seig á seinni hluta 19. aldar varð samdráttur í hákarlaveiðum til lýsisframleiðslu, samhliða minnkandi eftirspurn eftir lýsi.²⁹

Markaðsveiðar á hákarlinum á 20. og 21. öldinni voru aðallega stundaðar til manneldis og eru enn stundaðar að nokkru leyti í dag, öðru fremur fyrir þorrablót

²⁴ Sjá Jón Þ. Þór, *Sjósókn og sjávarfang*, bls. 178 og 185–186, hér bls. 183.

²⁵ Sigurjón Sigtryggsson, *Frá Hvanndöllum til Úlfsdala*, 3. bindi, bls. 957; Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhettir*, bls. 341; Elinborg Lárusdóttir, *Tvennir tímar. Endurminningar Hólmfríðar Hjaltason*, Reykjavík: Angústúra, 2017 [1949], bls. 70–71. Frásagnir af hákarlaveiðum eru gjarnan samofnar lýsingum af daglegu lífi bænda – sjá til dæmis dagbækur Jóns Jakobssonar (1875–1915) frá árunum 1989–1904, Héraðsskjalasafn Þingeyinga. Jón Jakobsson Árbæ í Tjörnesi. E/63 og E/64.

²⁶ Jóhannes frá Asparvík, „Hákarlaveiðar“, *Strandapósturinn* 1. júní 1975, bls. 90–95, hér bls. 90.

²⁷ Sjá til dæmis Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn*, bls. 14–15.

²⁸ Gils Guðmundsson, *Skútuöldin*, 4. bindi, bls. 91.

²⁹ Árni Daniel Júlíusson, „Hákarlaveiðar Svarfdælinga á 19. öld“, *Nordurslóð* 12/1988, bls. 7; Gils Guðmundsson, *Skútuöldin*, 4. bindi, bls. 77.



Hákarl. Ljósmyndari:
Sigurður Ægisson.

landsmanna.³⁰ Hákarlaveiðar gerbreyttust á öndverðri 20. öld þegar vélar voru komnar í bátana, ekki lengur sami mannskapur um borð, lína lögð sem beið þess að vera vitjuð einhverjum dögum síðar – og sjávarháskinn ekki sá sami; „oftast var ég með mann með mér, en stundum var ég einn“ sagði hákarlamaðurinn Hreinn Björgvinsson.³¹ Hákarlamennirnir sem ég ræddi við stunda/stunduðu hákarlaveiðar sem aukabúgrein meðfram annarri sjómennsku. Þeir fóru líkt og forverar þeirra oftast á hákarlaveiðar á síðustu vetrarmánuðunum og á vorin og veiddu fram eftir sumri. Hákarlamenn á vélknúnum bátum lögðu hákarlalínurnar, héldu svo heim og vitjuðu svo línanna iðulega eftir tvo til þrjá daga: „Það fer eftir straum hvenær ég legg – ég legg alltaf þrjár til fjórar línur fyrir straum svo fer ég eftir tvo til þrjá daga og dreg þær.“³² Hákarlaveiðar héldu

³⁰ Einnig má nefna sölu á hákarli í tengslum við ferðamannaþjónustuna á Íslandi.

³¹ Hreinn Björgvinsson (f. 1943), viðtal við höfund.

³² Sverrir Björnsson (f. 1939), viðtal við höfund. Dæmi eru um að menn hafi farið í hákarlaegur á vélbátum á öndverðri 20. öld. Sjá Sigurjón Sigtryggsson, *Frá Hvannðöllum til Úlfssdala*, 3. bindi, bls. 1102.

því áfram að vera þolinmæðisveiðar, ólíkt flestum veiðiskap sem stundaður er á smábátum. Þegar hákarlinn er dreginn upp að borði er hann aflífaður með byssu eða hníf ef hann er enn á lífi, og svo er sett snara/stroffa um stirtluna á honum og hann dreginn á henni í land á síðunni eða fyrir aftan bátinn: „Það var bara haglabýssa númer 12. Það er ágætt að skjóta hann... við það að setja skot í hausinn á honum, þá hættir hann að bylta sér á línunni,“ sagði Helgi Héðinsson hákarlamaður.³³ Viðmælendur mínir töluðu gjarnan um að hákarlaveiðar síðari tíma væru „hobbí-veiðar“ sem geta gefið í aðra höndina – en líkt og þeir sögðu þá er aldrei víst hvort að verkunin takist; „það er svolítill vonarpeningur.“³⁴

Í viðtölunum komu hákarlaveiðar fyrir sjónir sem eins konar frelsisveiðar á tímum kvótakerfisins: „Þetta eru algjörlega frjálsar veiðar,“ sagði einn hákarlamaðurinn.³⁵ Viðmælendur mínir sögðu ekki neitt virkt eftirlit vera með hákarlaveiðum, að undanskildum einum viðmælandanum sem sagði að strangt til tekið þyrfti að skrá allan afla í afladagbók Fiskistofu: „en það er ekkert raunverulegt eftirlit með því að við skilum því af okkur. Stundum geri ég það og stundum geri ég það ekki,“ sagði hann og bætti við að hákarlaveiðar væru í reynd sýnd veiði en ekki gefin og því borgi sig ekki að borga vigtar- og aflagjöld við löndun; „Menn hafa aldrei verið að vigta hákarl, hann er kannski tonn en svo fer 60% af honum beint í urðun – svo ertu góður ef þú nærð 80-100 kíló af afurð eftir verkunina.“³⁶ Í viðtölunum koma hákarlaveiðarnar á köflum fyrir sjónir sem tómstundagaman sem gefur aukatekjur; en ekki lífsnauðsynlegar fiskveiðar líkt og fyrr á öldum – svo vitnað sé í einn viðmælanda minn:

Ríkharð: Þetta var náttúrulega það sem hélt lífi í fólki áður fyrr, það var ekki hobbí, menn réru ekki árabátum í hákarl bara að gamni sínu, það hélt lífi í þeim, bæði lýsið náttúrulega sem þeir seldu, svo hafa þeir verkað eitthvað sjálfir líka – það er enginn að veiða hákarl í dag nema bara svona í hobbí.³⁷

³³ Helgi Héðinsson (f. 1928), viðtal við höfund.

³⁴ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund. Sjá einnig: „Fólk úr fjórðungnum“, *Austurland* 4. febrúar 1972, bls. 1 og 4.

³⁵ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.

³⁶ N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

³⁷ Ríkharð Lúðvíksson (f. 1964), viðtal við höfund.



Samsett mynd: Ríkharð Lúðvíksson (f. 1964). / Sjávaröldur. Ljósmyndari: Kaldakvísl.

Viðmælendur mínir, hákarlamenn vélaaldarinnar, voru meira einangraðir í starfi sínu en hákarlamenn á skútuöldinni, sem voru iðulega margir saman um borð og í verum, og miðluðu þar reynslusögum um forvera sína og samtíðarmenn á veiðunum. Viðmælendur mínir höfðu almennt litla þekkingu á fyrri alda hákarlaveiðum og þekktu fáa og jafnvel enga aðra menn sem stunduðu hákarlaveiðar samtíða þeim. Vinnutengd sjálfsmynd hákarlamanna á 20. og 21. öld markaðist á köflum af aflasæld þeirra en þó ekki eins mikið og í tilfelli hákarlamanna skútualdarinnar sem veiddu hákarlinn í miklu magni fyrir lifrina: „Þegar maður er kominn með hákarl aftan í bátinn, ég ætla ekkert að segja að egóíð lagist ekki aðeins, þá er maður ekki með krókinn í rassinum eins og sagt er – jú það er alltaf notaleg tilfinning að koma í land með góðan afla“ sagði Björgvin Agnar Hreinsson hákarlamaður.³⁸ Viðtölin sýndu að vinnutengd sjálfsmynd viðmælanda minna grundvallast fremur á gæðum afurðanna frá hákarlaverkun þeirra heldur en aflasæld: „Ég lét ekki neinn hákarl frá mér nema hann sé góður“ sagði Sverrir Björnsson hákarlamaður.³⁹

Hákarlamenn á 20. og 21. öld héldu áfram að verka aflann sjálfir sem fyrr. Með vaxandi togveiðum hér við land fóru menn sem stunduðu ekki hákarlaveiðar að kaupa hákarl sem veiddur var sem meðaffli og verka hann, líkt og viðmælandi minn og hákarlaverkandinn Lúðvík Ríkharð Jónsson (f. 1940) sem seldi hákarl úr matvagni á Akureyri á fyrsta áratug 21. aldar: „Ég keypti svo

³⁸ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.

³⁹ Sverrir Björnsson (f. 1939), viðtal við höfund.



Lúðvík Ríkhartð Jónsson (f. 1940).
Ljósmyndari: Kaldakvísl.

mikið af togurinum þannig að yfirleitt fékk ég þetta í frosnum beitum... Þetta er sóðavinna, maður er að kesa þetta og svo hengja þetta upp.⁴⁰ Misjafnt er hvað togarasjómenn hirða af hákarlinum sem þeir skera og frysta og selja svo fyrir ágóða í starfsmannasjóðinn.⁴¹ Velta má vöngum yfir því hvort að hákarla-veiðar Íslendinga á 19. öld hafi haft tilfinnanleg áhrif á stofnstærð hákarlsins við Ísland, ekki síst með hliðsjón af því hve hákarlinn er sérlega seinvaxinn og

⁴⁰ Lúðvík Ríkhartð Jónsson (f. 1940), viðtal við höfund. Sjá „Hákarl við brjóstsviða“, *Fréttablaðið* 26. janúar 2007, bls. 3.

⁴¹ Sjá „Skipverjar á Kleifabergi ÓF Fengu 11 hákarla í trollið á Halanum – verðmæti aflans rann í starfsmannasjóð áhafnarinnar“, *Fiskifrétir* 13. ágúst 1999, bls. 8.



Hákarl sem veiddist sem meðaflí. Einkasafn/Kaldakvísl.

gengur seint í kynþroska. Áætlað er að stofnstærð hákarlsins hafi dregist saman um 30–49% allt frá því snemma á 17. öld fram á miðja 20. öld þegar beinar veiðar á hákarli til lýsisöflunar lögðust af.⁴² Bein sókn í hákarl er hins vegar fátíð í dag og því líklegast ærið lítill áhrifaþáttur hvað varðar stærð stofna hákarla.⁴³ Hið sama gildir þó ekki um veiðar á hákarli sem meðafla, en metið hefur verið að um 3.500 hákarlar veiddist árlega sem aukaafli í hinum norðlægu heimskauthöfum, en það magn getur mögulega valdið hnignun stofnsins, sem og vaxandi aðgengi fiskiskipa að norðurheimskautssvæðinu með tilliti til loftslagsbreytinga

⁴² D.W. Kulka, C.F. Cotton, D. Derrick, B. Anderson, K. Herman og N.K. Dulvy, *Somniosus microcephalus*, bls. 2 og 6–7.

⁴³ Til eru verslunarskýrslur sem gefa innsýn í magn og verðmæti hákarlalýsis allt frá 17. öld til ársins 1939 þegar sala og útflutningur á hákarlalýsi var að langmestu liðin undir lok, en þær skýrslur gefa grófa mynd af magni hákarls sem veiddist á þeim tíma með hliðsjón af fjölda lýsistunna. Verslunarskýrslur þær eru annmörkum háðar því hákarlalýsi var ekki reiknað sér til ársins 1876. Gils Guðmundsson, *Skátuöldin*, 4. bindi, bls. 109–120. Sjá einnig Vilhelm Vilhelmsson, „Frá búdrýgindum til markaðsveiða. Selveiðar og selveiðihlunnindi við Húnaflóa, 1703–1918“, *Skírnir* 195/2021, bls. 158–192, hér bls. 163–164. Fréttir af aflabrogðum í dagblöðum og tímaritum á tímabilinu sem og dagbækur hákarlaskipa gefa einnig innsýn í veiðar á hákarli með hliðsjón af veiðisvæðum og magni.

og samhliða rýrnun hafssins.⁴⁴ Hákarl kemur í dag fyrst og fremst við sögu veiða Íslendinga sem meðafla við togveiðar á öðrum fisktegundum, öðru fremur á Grænlandsmiðum. Viðtölin gáfu innsýn í ónægt eftirlit með veiðum á hákarli sem meðafla: „Hákarl hefur verið að slæðast í grásleppunet, þorskanet og jafnvel á fiskilínu, þá flækir hann sig í þessu.“⁴⁵ Samkvæmt Fiskistofu gilda engar sérstakar reglur í tengslum við veiðar á hákarli, hvort heldur um ræðir hefðbundnar hákarlaveiðar eða veiðar á hákarli sem meðafla, ólíkt því sem tíðkast um friðaðar tegundir háfiska í fiskveiðilandhelgi Íslands (háf, hámeri, beinhákarl).⁴⁶ Því er sérlega mikilvægt að bjarga í hús upplýsingum um veiðar á hákarlinum með viðtölum við aðila sem koma við sögu, hvort heldur það eru sjómenn sem gera sérstaklega út á hákarlinn sem halda almennt ekki til haga gögnum um hákarlaveiðar, eða aðrir sjómenn sem fá hákarl sem meðafla, á borð við togaraskiptjóra og togarasjómenn: „Ég er á sjó við Grænland – í síðasta túr þá gæti ég giskað á að það hafi komið milli 40–50 hákarlar hjá okkur, sjö hákarlar í einu hollinu – ég tók sex af þeim sjálfur og hirti,“ sagði einn hákarlamaðurinn/verkandinn mér, sem starfar sem togarasjómaður: „Hákarlinum er yfir höfuð hent, menn nenna ekki að hirða þetta, þeir nenna ekki að standa í því á togurum – það er kannski brjáláð að gera og þá nennir enginn að standa á frívakt til að skera hákarl.“⁴⁷

Sjávarlæsi

Það er römm taug milli sjómanna og hafsins, sem lýsir sér meðal annars í hæfileikum sjómanna við að lesa í ásýnd hafsins, hvort heldur þeir eru staddir á sjó eða á landi. Í viðtölunum litu hákarlamennirnir tíðum út um gluggann og horfðu til hafs. Ég ímyndaði mér að þeir væru að gá til veðurs, en eitt er víst, að læsi þeirra á umhverfinu handan gluggans náði alla leið út á haf, á meðan læsi mitt staðnæmdest við sjávarmálið: „Hann er að hvesa.“ Það hefur færst í aukana að sagnfræðingar horfi til tjáningarmáta náttúrunnar sem sértæks máls: „Hugmyndin um að landið mæli, að það búi yfir máli sem menn geta heyrt, lesið, skilið, og brugðist við... byggir á meginforsendum umhverfissögunnar: að hinn ómannlegi heimur hafi gerendahæfni, og hafi virku hlutverki að gegna hvað við-

⁴⁴ J.E. Edwards, E. Hiltz og fleiri, „Advancing Research for the Management of Long-Lived Species. A Case Study on the Greenland Shark“, *Frontiers in Marine Science* 6(87)/2019, bls. 1–27; D.W. Kulka, C.F. Cotton, D. Derrick, B. Anderson, K. Herman og N.K. Dulvy, *Somniosus microcephalus*, bls. 5–6.

⁴⁵ N.N. Viðtal við höfund.

⁴⁶ Sjá Reglugerð um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli. Nr. 456 (2017). <https://island.is/reglugerdir/nr/0456-2017>

⁴⁷ N.N. Viðtal við höfund.



Hreinn Björgvinsson
(f. 1943). Ljósmyndari:
Kaldakvísl.

kemur málefni manna,“ segir í inngangskafli bókarinnar *The Land Speaks. New Voices at the Intersection of Oral and Environmental*.⁴⁸ Fróðlegt er að kanna vinnutengda þekkingu hákarlamanna með hliðsjón af læsi þeirra á náttúrunni fyrir og eftir vélvæðingu sjávarútvegarins. Náttúrulæsi felur í sér læsi og skilning manna á ástandi náttúrunnar, þar sem treyst er á skynfærin. Í þessum skrifum vísa ég til læsis hákarlamanna á náttúrunni sem sjávarlæsis/hafhlæsis, til aðskilnaðar frá hugtakinu landlæsi er felur í sér lestur og skilning á ástandi landsins út frá ásjónu þess.⁴⁹ Hafið er huldulandslag sem menn geta ekki eygt með sama hætti og þurrlendi jarðar. Efta lag sjávar er sýnilegt mönnum, til að mynda ölduhæðir sem endurspeгла veðurhæð og sjávarföll, og litbrigði hafflatarins sem gefa vísendingar um lífsskilyrði uppsjávarins.⁵⁰ En svo eru það hafdjúpín sem eru utan

⁴⁸ Kathryn Newfont og Debbie Lee, „Introduction. Listening to the Land through Oral History“, *The Land Speaks. New Voices at the Intersection of Oral and Environmental History*, ritstjórar Debbie Lee og Kathryn Newfont, Oxford: Oxford University Press, 2017, bls. 1–32, hér bls. 2.

⁴⁹ Sjá Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir, „Að lesa og lækna landið“, Reykjavík: Landvernd; Landgræðsla ríkisins, Landbúnaðarháskóli Íslands, 2015, bls. 12.

⁵⁰ Sjá Rachel L. Carson, *The Sea Around Us*, New York: Open Road Integrated, 2011,

sjónsviðs manna og menn verða að afla upplýsinga um með öðrum leiðum, allt frá dýptarmælingum til læsis á atferli sjávarlífvera: „Ef það er lús á hákarlinum þá er það góður fyrirboði – að það komi fiskur úr hafinu einhvers staðar frá þar sem lúsin nær að setjast á hann“ sagði einn hákarlamaðurinn mér, sem rímar við læsi fyrri alda hákarlamanna á gönguhegðan hákarlsins.⁵¹



Haukur Jóhannesson (f. 1948). Ljósmyndari: Kaldakvísl.

Hafsagnfræðingurinn W. Jeffrey Bolster segir enga starfsgrein leggja eins mikla áherslu á að sniðganga hættur og sjómennskan: „Sjófarendur bjuggust sjálfkrafa við hættum, voru vel á varðbergi, og voru sífellt að skima í kringum sig í leit að minnstu örðugleikum.“⁵² Afkoma sæfarenda á hafi úti hefur löngum grundvallast á læsi þeirra á *máli* hafsins.⁵³ Hákarlaformenn fyrr á öldum þurftu að lesa í myrkur og ljós, stjörnur, fuglalíf, hafsinn, vindhviðurnar, sjávarföllin og ekki síst hið „forna mál“ sjávaraldanna sem sagði til um hvenær það var lag, hvar skyldi leggja út hákarlafærin, hvenær væri ráð að leysa upp og fara í land, hvar

kindle útg. bls. 15.

⁵¹ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.

⁵² W. Jeffrey Bolster, *The Mortal Sea. Fishing the Atlantic in the Age of Sail*, Cambridge: Belknap Press, 2012, kindle útg., inngangskaffi.

⁵³ Sjá Greg Denning, „Deep Times, deep Spaces. Civilizing the sea“, *Sea Changes. Historicizing the Ocean*, ritstjórar Bernhard Klein og Gesa Mackenthun, Abingdon: Routledge, 2004, bls. 13–36, hér bls. 15–16 og 33.

var best að liggja í vari.⁵⁴ Mennirnir þurftu í senn að lesa í ásýnd sjávaraldanna sem og hljóðheim þeirra, til að mynda þegar það var þreifandi þoka eða dimma. Kunnátta manna á teiknum hafsins var oft bundin við ákveðin svæði hafsins, líkt og sker og brim sem árabátamennirnir kortlögðu í huga sér og gáfu sérheiti; örnefni: „Þetta var upp á líf og dauða að kunna örnefnin. Það var óhreint víða sem við köllum, mikið af boðum – vélbátarnir héldu sig lengra frá,“ sagði viðmælandi minn Haukur Jóhannesson (f. 1948).⁵⁵ Haukur ólst upp á Ströndum hjá ömmu sinni og afa sem stundaði hákarlaveiðar: „Þetta er það sem maður heyrði, fólk var alltaf að tala um gamla tímarn þarna norðan af – því að tíminn stóð kyrr, það hafði ekkert breyst í þúsund ár þarna þegar ég var þar“ sagði Haukur þegar hann rifjaði upp samtöl Strandamanna um hákarlaveiðar sem hann hlustaði á sem drengur: „Þeir vissu hvar þessi mið voru öllsömul þó það væri hætt að nota þau, því það var setið heima hjá sér og menn voru að tala um þetta og segja sögur og þá varðveittist þetta – veltist áfram.“⁵⁶ Mikilvægi þess að hákarlamenn skynjuðu og skildu mál hafsins kemur skýrt fram í svofelldum orðum áður nefnds Strandamanns og hákarlamanns Jóhannesar Jónssonar frá Asparvík:

Það er ekki álitleg eða auðveld sigling um Húnaflóa í áhlaupsveðrum, blindhríð og stjórnsjó og hafa það á vitundinni að landið er hættulegast og engin siglingatæki innanborðs. Þá reynir fyrir alvöru á manninn, sem á að stjórna, verja skipið áföllum og taka land í eina vognum eða víkinni, sem lendandi er í, en stór svæði langt frá landi eru þakin blindskerjum og boðum, sem öll mynda óslitin bringarð ófæran hverju skipi.⁵⁷

Enn þann dag í dag er lítið vitað um atferli hákarla þó svo að rannsóknir á síðustu árum hafi varpað betra ljósi á hulið líf þessa huldufisks. Veiðar hákarlamanna í gegnum aldirnar skilaði mönnum engu að síður ákveðinni þekkingu á háttalagi hákarla. Veiðitíminn, veiðisvæðin og veiðitæknin endurspeglar hvar hákarlinn hélt sig hverju sinni og hvernig hægt var að veiða hann. Hákarlinn er í eðli sínu miðafastur það er að segja hann heldur sig á köflum á vissum hafsvæðum umfram önnur. Áður en rafræn staðsetningartæki (GPS tæki) komu til sögunnar studdust sjómenn við kennileiti í landi, mældu dýpi, og síðar notuð-

⁵⁴ Sjá Jóhannes Jónsson, „Í hafis á Húnaflóa“, *Strandapósturinn* 1. júní 1975, bls. 9–15.

⁵⁵ Haukur Jóhannesson (f. 1948), viðtal við höfund.

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ Jóhannes frá Asparvík, „Hákarlaveiðar“, *Strandapósturinn* 1. júní 1975, bls. 90–95, hér bls. 90.

ust þeir einnig við kompás, klukku og sjókort til að finna staðarákvörðun miða, þ.m.t. sjómenn á vélbátum framan af: „Þegar ég var að veiða fram við Kolbeinsey í mörg ár, þá hafði ég ekkert nema klukkuna og kompásinn, fór bara eftir því“ sagði einn viðmælandi minn.⁵⁸ Segja má að sjómenn allt fram yfir miðja 20. öld hafi stundað visst landlæsi þegar þeir komu út á miðin, sé horft til þess að þeir tóku mið af kennileitum í landi, til dæmis fjöll og bæir sem báru hvort í annað, og hafsbotninum og hans neðansjávárdölum, hólum og fjöllum. Hákarlamenn tóku aukinheldur mið af hegðan hákarlsins á veiðunum til að finna hvar hann hélt sig í neðansjávarlandslaginu: „Hákarlamið voru einkum valin þar sem straumar lágu meðfram brúnum eða höllum, og báru brák frá beitu og niðurburði langar leiðir“ segir í riti Lúðvíks Kristjánssonar.⁵⁹ Mönnum voru fengin miðin til varðveislu munnlega, til dæmis í formi örnefna eða vísna sem ætlað var að festa fróðleik um miðin kirfilega í minnum manna, svo vitnað sé aftur í Lúðvík: „Til þess að festa sér í minni fiskimið og aðrar leiðir á sjó hafa menn gripið til rímsins – ort miða- og leiðavísur.“⁶⁰ Eftir því sem hákarlamenn notuðust meira við tæknilegan búnað um borð grundvallaðist kunnátta þeirra á hákarlamiðum síður við þann eiginleika *að muna*, þar með talin örnefni, líkt og reyndin var í tilfelli forvera þeirra. Viðmælendur mínir hákarlamennirnir vísuðu ærið sjaldan til örnefna í viðtölunum þar með talið örnefna hákarlamiða. Þegar þeir vísuðu mér á miðin munnlega tóku þeir yfirleitt mið af ákveðnu landsvæði (svo sem eyju) og mílufjölda: „Eitt miðið er bara herna norðvestur úr Bjarnareynni – og þá getum við sagt að við séum í fjarðarmynninu, en við erum líka að fara 7, 8, 9 mílur frá Bjarnarey bara beint út í haf.“⁶¹

Hákarlamið/fiskimið koma fyrir sjónir sem eins konar *hafnám* manna, reitur í hafi sem menn nema til þess að nytja. Þekkt er að menn gáfu ekki endilega upp staðsetningu miða sinna, nokkuð sem Lúðvík Kristjánsson kallar leynimið, sem varðveittust gjarnan innan ætta: „Það náttúrulega segir maður alls ekki“ svaraði hákarlamaðurinn Hreinn spaugsamur þegar ég spurði hann hvar uppáhalds hákarlamiðið hans er.⁶² Hákarlaveiðar hafa verið stundaðar frá kynslóð til kynslóðar öldum saman. Hákarlamenn nýttu sér reynslu forvera sinna við veiðarnar og byggðu ofan á þá þekkingu, sem sýnir hvernig menn hafa eiginleika til að miðla landfræðilega tengdri þekkingu millum kynslóða til að tryggja afkomu

⁵⁸ Óli Hjálmar Ólason (f. 1931), viðtal við höfund.

⁵⁹ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhettir*, 3. bindi, bls. 356.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 194.

⁶¹ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.

⁶² Hreinn Björgvinsson (f. 1943), viðtal við höfund; Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhettir*, 3. bindi, bls. 186.




Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964). / Hákarlacrókur. Ljósmyndari: Kaldakvísl.

sína. Nokkuð sem hefur samsvörun við aðlögun fiska að hafsvæðum sem þeir nýta. Saga hákarlaveiða, líkt og saga sjómennsku almennt, segir frá því hvernig foreldrar miðluðu fróðleik til afkvæma sinna um fiskimið, nokkuð sem hefur haft áhrif á hugmyndir manna um að aflasæld væri arfgeng; hvort menn kipptu í kynið í veiðimenskunni: „Ég er með miðin hans pabba. Auðvitað hef ég brugðið út af því en gömlu miðin hans eru alltaf góð og gild“ sagði hákarlamaðurinn Björgvin, sonur Hreins hákarlamanns, og bætti við: „hann er að skoða dýpið, hann er að skoða landslagið á botninum hvort það sé góður halli, góð brekka myndum við segja – ekki alveg flatt.“⁶³ Fiskimið hafa um aldir haft eiginleika til að efla tengsl manna, ekki aðeins við hafið og lífverur þess, heldur einnig við fyrri kynslóðir, þar á meðal við vandamenn sem sigldu sömu leiðir: „Afi minn kenndi mér mikið. Öll miðin, hann kenndi mér þau allt í kringum mig hérna“ sagði hákarlamaðurinn Óli Hjálmar Ólason úr Grímsey fjarrænn á svipinn er hann horfði út um gluggann – út á haf, og mælti:

Óli: Ég var með afa mínum, reri með honum. Hann kenndi mér að þekkja öll miðin við eyjuna, svoleiðis að þegar að nýju græjurnar komu þá þurfti ég ekkert á þeim að halda, ég vissi þetta allt. Það var svo gott að miða við eyjuna og landið... Ég þekki öll miðin í eyjunni. Þetta fer með mér – það held ég... Svo þegar ég fékk dýptarmæli í fyrsta bátinn minn þá var ég svo hissa á að sjá hvað kallinn hafði

⁶³ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.

vitað mikið um þetta, hann vissi um hvern einasta hól allt í kringum eyjuna.⁶⁴



Óli Hjálmar Ólason (f. 1931). / Sælöður. Ljósmyndari: Kaldakvísl.

Það er sitthvað að lesa í hegðan hákarls sem er firjals ferða sinna en þess er fastur situr á önglinum; hákarls sem er bráð veiðimannsins. Veiðar á hákarli skiluðu mönnum ítarlegri þekkingu á vissum þáttum í hegðan hákarlsins sem bráðar, allt frá því hvernig þeir lokkuðu hákarlinn á öngulinn með beitu til þess er þeir drógu hann upp í sjólokurnar (yfirborð sjávar): „krókarnir mega ekki liggja í botninum, vegna þess að þegar hákarlinn kemur þá snýr hann sér við og grípur ætíð“ sagði einn hákarlamaðurinn í viðtali okkar um línuveiðarnar, nokkuð sem rímar við veiðihætti fyrri tíma hákarlamanna og þá sagt að „sá grái væri kominn undir.“⁶⁵ Þegar hákarlinn var kominn á öngulinn þurftu menn að huga að hegðan hákarlsins í drættinum, til að mynda að hákarlinn næði ekki að hefja línuna utan um sig þegar hann var dreginn upp „þá getur verið djöfullegt að greiða hana af.“⁶⁶ Þar að auki bar að varast að hákarlinn á króknum væri étinn af öðrum hákörlum, nokkuð sem viðmælendur mínir tóku mið af hvað varðar fjölda hákarlakröka á línu og hve langt var á milli krókanna: „Það er langt á milli önglanna því þeir eru svo grimmir hver við annan, það má ekki hafa þá saman, þá éta þeir hvern annan

⁶⁴ Óli Hjálmar Ólason (f. 1931), viðtal við höfund.

⁶⁵ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 360. Krókurinn/öngullinn sem notaður er til að veiða hákarl var gjarnan kallaður sókn fyrir á tíð.

⁶⁶ Hreinn Björgvinsson (f. 1943), viðtal við höfund. Sjá einnig „Hélt að hákarlinn ætlaði að sprengja mig – segir Stefán Ingvar Guðjónsson hákarlaveiðimaður á Eskifirði“, *Fiskifrétir* 21. nóvember 1997, bls 7.

– það þarf helst að vitja um þetta á hverjum degi, ekki láta þetta liggja, þá éta þeir sjálfan sig“ sagði Óli hákarlamaður áreiðanlegur á svipinn.⁶⁷

Mörg eru dæmin um læsi hákarlanna á hegðan hákarla við veiðarnar, en ég hygg þó að eitt skýrasta dæmi um það tengist veiðifærni vaðmanna forðum daga, sem áttu í beinu samneyti við hákarlinn um leið og hann nartaði í beituna og mennirnir urðu varir – ólíkt seinni tíma hákarlamönnum sem vitjuðu hákarlalínunnar eftir að hún var búin að liggja í einn til fáeina daga og hákarlarnir jafnvel líflausir á línunni. Meginveiðarfæri hákarlamanna á árabátum og skútum voru handvaður, setufæri sem svipaði til hefðbundins handfæris en var þó með öllu rammyggðara. Þegar vaðmenn renndu fyrir hákarl þá héldu þeir færunum kyrrum í stað þess að keipa, það er þeir *dúudu* uns hákarlinn kom á. Þessar veiðar voru þolinmæðisvinna sem fól í sér að menn urðu að vera vaðglöggir, það er skynja með vaðnæmum höndum þegar hákarlinn nartaði í beituna og athuga að vera ekki of veiðibraðir það er að segja ekki draga hákarlinn að borði áður en hann var vaðfastur. Fínlegar hreyfingar vaðmannanna og varfærni hákarsins, voru undanfari hamagangsins er tók við þegar hákarlinn var dreginn upp að borði með handafla úr hafdýpinu, og stunginn.⁶⁸ „Svona líður nú klukkustund eftir klukkustund. Menn gefa út í strauminn og hanga í vaðnum á milli, horfa út á bárunnar og raula vísu fyrir munni sér“⁶⁹ skrifaði hákarlamaðurinn Theódór Friðriksson (1876–1948), um biðina eftir hákarlinum og sköpun manna á haf-fletinum á meðan biðinni stóð, svo vitnað sé í annan fyrri tíma hákarlamann: „Ýmislegt höfðu menn til gamans sér, einkum að syngja og kveðast á og kveða rímur, og þótti jafnan gott, er góður kvæðamaður var með í för.“⁷⁰

Hundurinn grái, heyrðu mér,
hingað ráfa áttu.
Út um bláan ufsa ver,
eg skal ljáinn bera að þér.⁷¹

Mál- og orðanotkun manna í tengslum við hafid gefur innsýn í sjávarlæsi þeirra

⁶⁷ Óli Hjálmar Ólason (f. 1931), viðtal við höfund.

⁶⁸ Einnig notuðu menn lagvað og hákarlalóð við hákarlaveiðar. Auk heldur veiddu menn hákarl upp um ísvakir þegar mannheldur ís lá við land. Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 322–323 og 368–369.

⁶⁹ Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn*, bls. 59.

⁷⁰ Sigfús M. Johnsen, „Hákarlaveiðar í Vestmannaeyjum fyrrum“, *Andvari* 1. janúar 1932, bls. 92–95, hér bls. 92.

⁷¹ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 361.

og um leið tengsl þeirra við hafið.⁷² Gjarnan er vísað til talaðs máls sjómanna sem sjóaramáls. Sjómannamál mótast af starfsumhverfi og starfsháttum sjómanna og einnig af ýmsum félagslegum þáttum á borð við mannhverfingu og kynjahyggju: „Nú gat borið við á leiðinni að borði, að annar hákarl æti þann sem verið var að draga, og á sókninni væri ekkert af hinum upphaflega feng nema hausinn. Var þá sagt, að undirsetumaður hefði eignast dóttur og var það jafnan talið til vanvirðu.“⁷³ Minningaskrif sjómanna í aldanna rás vitna um að sjómenn á árabátaöldinni og skútuöldinni bjuggu almennt að ríkari og sértækari orðaforða um veðrið, hafið og lífríki þess, heldur en sjómenn á vélbátaöldinni. Í kjölfar tæknivæðingar sjávarútvegarins, og tilheyrandi tækja og nýjunga á borð við rafrænna staðsetningartækja, dýptarmæla og veðurfregna, varð minni þörf á sjávarlæsi sjómanna og um leið varð íslenskt sjómannamál minna að burðum. Orðanotkun hákarlamanna yfir hákarlinn tóku veigamiklum breytingum frá 19. öld til 20. og 21. aldar sem vitnar um minna læsi sjómanna á náttúru og atferli hákarlsins. Viðmælendur mínir hákarlamennirnir notuðust ætíð við orðið hákarl og könnuðust almennt ekki við að önnur orð væru notuð yfir hann. Hákarlamenn 19. aldar notuðust aftur á móti við aragrúa af sjómannaöfnum á hákörllum með hliðsjón af þáttum eins og kynferði hákarlsins, stærð og aldri; axskerri, bláhundur, flagmeri, hamar, gála, geldhákarl, níðingur, skrápdyr, eggjahákarl, gotpískur, eflingshákarl, hafkerling, gamli gráni – þannig hljóma fáein af þeim rúmum 90 heitum sem Íslendingar notuðu yfir hákarlinn, sérilagi sjómenn.⁷⁴ Ólíkur orðaforði, orðafjöldi og málnotkun hákarlamanna í tengslum við hafið og hákarlinn á milli alda, var líkt og menningarlegt misgengi í hákarlaveiðisögunni, millum manna sem töluðu ekki sama tungumálið við veiðarnar. Tungumálið hafði umbreytt meðfram breyttum veiðiháttum, handtökum og ekki síst vinnumenningu. Hákarlamenn fyrri alda söfnuðust gjarnan saman á einn reit, í ver – stundum langt að komnir líkt og á Gjögri á Ströndum, þar sem við lýði var hákarlaverbúðarmenning og tilheyrandi sjóbúðartal sem mótaði reynsluheim sjómanna og ljáði þeim sameiginlegt vinnutengt auðkenni.⁷⁵ Starfsumhverfi hákarlamanna á 20. og 21. öld, sem einkenndist af dagróðrum, fáum bátsverjum,

⁷² Helen M. Rozwadowski, *Vast Expanses*, kindle útg., inngangskafli.

⁷³ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 361.

⁷⁴ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 394–395. Sjá einnig Halldór Halldórsson, „Hákarlsheiti“, *Örlög orðanna*, Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar, 1958. Einnig Pétur Jónsson, „Sjóslys á Breiðafirði árið 1861“, *Blanda 8/1944–1948*, bls. 87–109, hér bls. 102.

⁷⁵ Sjá Pétur Jónsson, *Strandamannabók*, ritstjóri Guðni Jónsson, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan, 1947, bls. 114–118; Þorsteinn Matthíasson, *Hrundar borgir: Djúpvík, Ingólfsfjörður og Gjögur*, Reykjavík: Bókamiðstöðin, 1973, bls. 111–114.

og síðar útvarpsflutningi sem fyllti upp í þögnina á hafi úti, gerði ekki sömu kröfur um samtöl millum hákarlamanna líkt og fyrr á tímum, þegar menn stunduðu hákarlaveiðar jafnvel marga daga í senn, skiptust á hreystissögum og kváðust á meðan beðið var eftir að veðrið lægði, að hákarlinn biti á, að hafisinn lónaði frá.

Seigla

Í endurminningum manna sem fóru á hákarlaveiðar á róðrabátum og skútum á 19. öld og öndverðri 20. öld, lögðu þeir ríka áherslu á að lýsa líkamlegu og andlegu atgervi samskipsmanna sinna, en viku sjaldnar orðum að bakgrunni þeirra og félagslegri stöðu. Hið sama gildi ekki um frásagnir viðmælenda minna, hákarlamanna vélbátaaldarinnar, sem eyddu fáum sem engum orðum í að ræða atgervi sitt og samskipsmanna sinna. Tíðar lýsingar á líkamlegu og andlegu atgervi fyrri tíma hákarlamanna vitna um vægi sjómannahæfileika fyrir daga tækni-væðingarinnar; atgervi hákarlamannsins var táknmynd mannsins. Reynslusögur hákarlamanna sýna að mikilvægustu eiginleikar þeirra fyrr á tíð voru álitnir vera andleg og líkamleg seigla og harka, á tímum þegar menn óvarðir þurftu að þola illt sjólag og hvassviðri, nístingskulda, kafaldsél – og fornan óvin Íslendinga hinn válega hafis sem hákarlinn hélt sig við: „Hann stendur ekki í botn, piltar. Það er hákarl undir honum“ mælti hákarlamaðurinn Sæmundur Sæmundsson (1869–1958) þegar hann var spurður hvernig hann veiddi svo mikinn hákarl þegar það var „augalaus ís.“⁷⁶ Aðbúnaður á opnum hákarlaskípum var með öllu dræmur, því þar var ekkert skjól að fá og menn máttu ekki sofna, jafnvel heilu dagana, því engin var upphitun og hætta gat stafað af kuldunum:⁷⁷ „Oft man eg það, að við komum klökugir og kaffenntir einhvers staðar til lands.“⁷⁸ Aðbúnaðurinn um borð í þilskipunum, sem smátt og smátt fjölgaði á kostnað opinna skipa, var með öllu betra móti en veiðiaðferðin var þó enn að mestu hin sama, það er handvaðurinn: „Mikið fannst mér til um að vera kominn á þilskip, mikill munur að standa á sléttu þilfari í glímunni við þann gróa eða vera hálfboginn í árabát.“⁷⁹ Í þilskipunum voru káetuholur og aðstaða til að hita kaffi og mat – en framan af

⁷⁶ Guðmundur Gíslason Hagalín, *Virkir dagar. Saga Sæmundar Sæmundssonar skipstjóra, skráð eftir sögn hans sjálfs*, 1. bindi, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1980 [1938], bls. 74.

⁷⁷ Snæbjörn Kristjánsson, *Saga Snæbjarnar í Hergilsey*, Akureyri: Kvöldútgáfan, 1958 [1930], bls. 65. Eldunartæki í opnum hákarlaskípum komu fyrst við sögu um 1880. Sjá Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 355.

⁷⁸ Jens Hermannsson, „Hákarlalegur. Frásögn Hermanns Jónssonar skipstjóra“, *Breiðfirskir sjómenn*, Reykjavík: Nokkrir Breiðfirðingar, bls. 632–639, hér bls. 639.

⁷⁹ Guðmundur Ólafsson, „Hákarlaveiði og vetrarlegur á Skagafirði 1880–1890. Eftir frásögn Sveins Magnússonar frá Ketu“, *Skagfirðingabók* 1. janúar 1988, bls. 43–56, hér bls. 49.

nærðust menn á lýsi áður en haldið var af stað og súrblöndu úti á sjó: „Þetta er sennilega besta þorstameðal sem fáanlegt er og þurfti mikið minna af því heldur en ef menn voru að drekka vatn, því menn þyrsti náttúrulega við róðurinn... Menn voru náttúrulega saltir í framan af ágjöf og sleiktu salt, og þurftu þá á einhverju mótvægi að halda til þess að halda sér við árina og halda sér vakandi – og þá var það sýrublanda“ sagði hákarlaverkandinn Finnbogí Bernóðsson.⁸⁰

Norðlenski hákarlamaðurinn og rithöfundurinn Theódór Friðriksson skrifar í bók sinni *Hákarlalegur og hákarlamenn*:

Ónotalegt þótti mörgum að þurfa að rífa sig upp um vökuskiptin um miðja nótt, láta upp á sig hálfreðna vaðarvettlinga og setjast undir vað, þegar illt var í sjóinn, enda var það líka sannarlega köld aðkoma á stundum, og ekki heiglum hent. Þarna fór öll vinna fram í þreifandi myrkri að vetrarlagi, nema svo bæri undir, að það væri tungsljós; og dugði þá ekkert að vera að fírást um það, að maður væri lasinn eða sjóveikur. Þó voru menn misjafnlega harðir eins og gengur, og áttu þeir sannarlega ekki sjö dagana sæla, sem mikið kveinkuðu sér.⁸¹


Veiditengt atferli hákarlamanna á árabátum og seglskipum var mótað af lífsnaðsyn; menn þurftu að komast af á haffletinum, og í því skyni þurftu þeir að tileinka sér vissa hegðun til að gjöra svo, hvort heldur um ræðir karla eða konur. Þannig mótaðist með tímanum viss vinnumenning sem ætlað var að tryggja að allt gengi rétt fyrir sig á sjónum, viss viðmið og gildi sem skópu kynslóðir hákarlamanna; og úr urðu hákarlamenn, sem sjórinn hafði sorfið líkt og klettana. Ágæt dæmi um það eru viðmið sem giltu um hátterni hákarlamanna með hliðsjón af stöðu þeirra um borð. Hákarlamönnum 19. aldar var ekki aðeins ætlað að vera harðir í viðureignum sínum við hafið og hákarlinn, heldur einnig í samskiptum hver við annan. Hásetum bar að kunna til verka, vera röskir, þrautseigir og bregðast við fyrirskipunum formanna með réttum hætti, nokkuð sem gat ráðið örlögum áhafnarinnar þegar mikið lá við. Formönnum var talið til tekna ef þeir voru góðir sjómenn (veðurglökkir og góðir stjórnendur, það er góðir að stýra fleyi og áhöfn), aflasælir, úthaldsgóðir, harðdrægir og áráðnir frammi fyrir hættum á sjó. Um það vitna til dæmis frásagnir af vöskum formönnum sem héldu sig ofan þilja í mannaskaðaveðrum og af öðrum formönnum sem héldu

⁸⁰ Finnbogí Bernóðsson (f. 1947), viðtal við Sigurð Ægisson, 2023. Þakkir færi ég félaga mínum Sigurði Ægissyni þjóðfræðingi sem tók viðtal við Finnboga Bernóðsson af greiðasemi við rannsókn mína.

⁸¹ Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn*, bls. 36.

sig neðan þilja við þær aðstæður: „Skipstjórinn á gamla [hákarlaskipinu] „Sailor“ lét binda sig fastan við stýrið, þegar hann sá, að ekki var um annað að gera, en sigla skipinu í strand, og skipaði hann þó öllum mönnum sínum undir þiljur, á meðan á því stóð... Þótti það karlmannlega gert.“⁸²

Hákarlamenn á árabáta- og skútuöldinni þurftu að treysta meira á sjálfa sig og áhafnarmedlimi sína heldur en hákarlamenn á vélbátaöldinni, til að mynda þegar menn reru lífróður í hrakningum á sjó með öllum lífsins kröftum, á meðan formaðurinn eggjaði mennina áfram með orðum. Í endurminningum sjómanna koma árabátar og seglskip tíðum fyrir sjónir sem lífræn heild á hafi úti; timbur, naglar, segl, árar og menn sem etja kappi við hafið og vindinn. Viðmælendur mínir, hákarlamennirnir á vélbátaöldinni, voru samróma um að hákarlaveiðar í kjölfar tæknivæðingar siglinga- og veiðibúnaðar gerðu alls ekki sömu kröfu um líkamlega og andlega seiglu og hörku líkt og fyrr á tíð: „Þetta er allt annað núna, nú erum við á bátum með vélar og getum keyrt, áður var þetta bara róíð, það voru margir karlar á bát bara með færi“ sagði viðmælandi minn og hákarlamaðurinn Sverrir: „það er allt annað í dag, maður fer bara inn í stýrihúsið – getur farið heim þegar þú ert búinn að draga.“⁸³



Sverrir Björnsson (f. 1939) að verka hákarl. Ljósmyndari: Sigurður Ægisson. / Andlitsmynd af Sverri. Ljósmyndari: Kaldakvísl.

⁸² Sama heimild, bls. 20.

⁸³ Sverrir Björnsson (f. 1939), viðtal við höfund.

Sjóharmur

Íslenskar sjóhrakningasögur er taka til manna sem hljóta *vota* og kalda gröf á hafi úti, búa yfir sértækri fagurfræði og trega, sem vísar til djúpstæðra tengsla millum feigðar og sjávar í hugum manna. Hrakningar hákarlaskipa voru tíðar á þeim tímum er árabátar og skútur voru aðalskipakosturinn, og sótt var á djúpmið, oft að vetrinum: „Sveif að eyrum sorgarfregn, sem að stingur margra sinni,“ segir í eftirmælum skipverja sem fórust á hákarlaskipi árið 1870.⁸⁴ Íslandssagan býr að ótal heimildum um hákarlaskip sem töpuðust – segja sögur af skipum sem hurfu í sjóinn, sögur af því þegar heilu sveitirnar töpuðu flestum vinnufærum mönnum sínum, og konur urðu ekkjur, og föðurlausum börnum var komið fyrir á heimilum annarra: „af þeim er gistu hina votu gröf, fara ekki sögur. Það eru aðeins þeir sem hröktust og náðu landi, sem sagnir eru til af, en þó allt of fáar.“⁸⁵

Sögur af hákarlaskipstöpum sýna hvernig hamfarir hafsins ógnuðu ekki aðeins lífi sjófarenda, heldur líka lífi og félagslegri stöðu fólks í landi, öðru fremur ekkjum og föðurlausum börnum sjódruknaðra manna. Njörður Sæberg (f. 1945) hákarlaskipalíkanasmiður sagði mér merka sögu eftir afa sínum, af samtakamætti eiginkvenna hákarlaformanna í Fljótum í þágu ekkna og föðurlausra barna hákarlamanna í kjölfar hákarlaskipstapa með átta giftum mönnum á seinni hluta 18. aldar: „það sem ég ætlaði að segja þér“ sagði Njörður: „Þær fara á ákveðinn bæ þar sem þær gátu lokað að sér og rætt saman hvað þær ætluðu að gera, taka til bragðs. Það er svolítið merkilegt; þá setja þær straff á bændurnar sem þær voru giftar, því allir voru þeir hákarlaformenn, átta hákarlaskip. Þær kröfðust þess að fá viss prósent af hverri lýsistunnu og stofna svokallaðan ekkna-sjóð“ sagði Njörður íhugull og hélt áfram frásögninni: „Þær ströffuðu með því að neita að gera allt inni, þeir fengu ekki að éta, börnin það yrði ekkert hugsað um þau, ekkert þrifið eða neitt – þær bara stoppuðu allt, þangað til að þeir viðurkenndu það að borga viss prósent í ekkna-sjóð sem að þær myndu ráðstafa.“⁸⁶

Sögur af hákarlamönnum sem lentu í hrakningum og skipstöpum á skútu-

⁸⁴ Héraðsskjalasafn Þingeyinga. Hálfan Jakobsson E – 1370 / 61. Eftirmáli þeirra er dóu á hákarlaskipi 1870.

⁸⁵ Finnbogí Bernóðusson, „Harðfengi í hákarlalegu“, *Sögur og sagnir úr Bolungarvík*, Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1969, bls. 39–43, hér bls. 39.

⁸⁶ Njörður Sæberg Jóhannsson (f. 1945), viðtal við höfund. Sjá einnig um ekkna-sjóð sjódruknaðra manna í Siglufirði og Fljótum á 19. öld sem hákarlamenn lögðu í: Guðmundur Davíðsson, „Fljót í Skagafjarðasýslu“, *Skagafjarðingabók* 1/1966, bls. 109–163, hér bls. 161; „Siglufjarðar-fréttir“, *Norðurland* 8. mars 1902, bls. 95–96. Nefna má hve aðgerðir kvennanna minna um margt á forngríska gamanleikritið *Lýsiströtu* eftir Aristófanes þar sem konurnar neituðu að rekkja með mönnum sínum fyrir en þeir myndu semja frið sín á milli í Pelópsskagastríðinu.

öldinni búa að sagnaminnnum sem ljá innsýn í vinnutengd áföll þeirra.⁸⁷ Margar sagnir reifa hinstu kveðjur hákarlamanna sem fórust í hákarlaróðrum, kveðjur sem öðlast djúptæka meiningu í sögunni í ljósi drukknun manna: „Þó ég sígi í saltan mar, / sú er eina vörnin: / ekki syrgir ekkjan þar, / eða kveina börnin,“ kvað hinn þrítugi, ókvænti og barnlausí hákarlamaður Magnús Sigurðsson áður en hann hélt af stað í sinn hinsta hákarlaróður, þar sem hann fórst ásamt allri áhöfninni.⁸⁸ Sögur af skipstöpum hákarlaskipa hefjast oft á því að segja frá hversdagslegum atburðum í lífi hákarlamanna sem síðan reyndust örlaga-valdar í lífi þeirra. Tíðar eru lýsingar á því þegar hákarlaformenn ákváðu að róa gegn betri vitund og fórust síðan með hásetum sínum.⁸⁹ Eða lýsingar á því þegar menn ákváðu að róa ekki, líkt og þegar Margrét Sigurðardóttir sem reri með föður sínum í hákarlaegur við Hrútafjörð veturinn 1845, sló á sig skrópasótt að áeggjan yngri bróður síns svo hann fengi að róa: „Lík þeirra feðga rak sumarið eftir og lík Sigurðar höfuðlaust, en þekktist af axlaböndum.“⁹⁰

Minningar hákarlamanna af skipshrakningum gefa mynd af því sem stendur mönnum í minni varðandi áföll á sjó; minningar um veðrið, minningar um örlagaríkar tilviljanir, minningar um hákarlamenn sem hurfu í djúpið, minningar um hákarlamenn sem komust upp á kjöl og um þá sem misstu takið og drukkn-uðu, minningar um hákarlamenn sem björguðust, og minningar um hákarla-menn sem skiluðu sér á land sem sjórekin lík: „Ég stend einn á þilfari. Félagi minn er horfinn. Það er eyðilegt um að litast... nóttin sú var lengi að líða.“⁹¹ Auk þess að reiða sig á sjálfa sig og fley sín í sjávarháska, þá lögðu hákarlamenn skútaaldarinnar traust sitt á guð sinn, sem þeir ávörpuðu með sjóferðabænum: „en bjóðir þú að hafsdjúp oss hylji, / himnafaðir, verði þinn vilji.“⁹² Forlaga-trúin var auk heldur sterk meðal hákarlamanna. Þekking manna á draumum og öðrum fyrirboðum þótti mikilvæg í þá tíð, þegar skammt var milli skers og báru. Sagnir af hákarlaskipstöpum reifa oftlega drauma hákarlamanna og vanda-manna þeirra sem sögðu fyrir um hrakfarir þær, en voru virtir að vettugi. Einn þeirra fjölda fyrirboðadrauma sem ratað hafa í hákarlasöguna, var draumur fá-tæktrar ekkju sem missti alla syni sína fjóra á hákarlaskipinu Draupni árið 1897.

⁸⁷ Ugglaut eru tengsl milli notkunar orðins áfall í sjóaramáli, þegar skip lágu undir áföll-um, og notkunar orðsins yfir tilfinningaleg reiðarslög.

⁸⁸ Gísli Konráðsson, *Strandamanna saga*, Reykjavík: Íðunn, 1947, bls, 290.

⁸⁹ Sama heimild, bls, 193.

⁹⁰ Sama heimild, bls, 216–217.

⁹¹ Sigurður Bjarnason, „Hákarlaskipið sem fór heila veltu“, *Lesbók Morgunblaðsins* 5. nóvember 1939, bls. 345–347.

⁹² Sjá um sjóferðabænin í: Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 211–221, hér bls. 214.

Í draumnum: „Þóttist hún vera komin á sjó út, þar sem hvergi sá til landa, og gekk hún á öldunum.“ Þá fannst henni glampa á stýri Draupnis „sem bjartur málmur væri“ – og er hún vaknar biðlar hún til sonar síns skipstjórans að aðgæta stýrið áður en haldið væri aftur út, en það var ei gert og laskað stýrið brotnaði í áhlaupsveðri og áhöfnin fórst.⁹³

Reynslusagnir hákarlamanna á skútuöldinni sýna að það þótti góður sjómannahæfileiki að menn væru harðgerðir, enda hákarlaskipstapar tíðir. Andlegt þrek sjómanna fólst meðal annars í því að tjá ekki tilfinningar sínar um of, eða sýna of mikla samúð. Í orði kveðnu var lítið svigrúm til að tjá tilfinningar sínar við hákarlaveiðarnar, mennirnir áttu að harka af sér. Á sama tíma gafst mönnum ákveðið



viðbótartjáningarrými á hákarlaveiðum þar sem aðrar samskiptareglur giltu en heima við, eins og lýsingar á frjálsum samskiptum hákarlamanna vitna um, orðfæri hákarlamanna, slagsmálin og drykkjan sem leystu úr læðingi tilfinningar mannanna, oft fjarri heimahögum. Veiðarnar gáfu hákarlamönnum færi á að miðla reynslu sinni í félagsskap hver við annan með því að skiptast á sögum af hrakningum og skipstöpum við hákarlaveiðar: „og mörgum eru mannskaðarnir í fersku minni...“ skrifaði hákarlamaðurinn Theódór;⁹⁴ „sem mönnum liðu seint úr minni, margskonar hrakningar og skipstapar. Það var engu líkara en að áraskipti væru að skipstöpunum. Það var eins og þeir lögju niðri líkt og falinn eldur, en gysu svo upp með köflum, þegar minnst vonum varði.“⁹⁵

Hilmar F. Thorarensen (f. 1948).
Ljósmyndari: Kaldakvísl.

⁹³ Halldór Pálsson, *Skaðaveður 1897–1901*, Reykjavík: Barnablaðið Æskan, 1968, bls. 9–12, hér bls. 9–10.

⁹⁴ Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn*, bls. 52.

⁹⁵ Sama heimild, bls. 40–50.

Eftir því sem tækninni fleytti fram og bátar og skip urðu betri farkostir minnkaði hættan á sjóslysum, þó sú hætta væri vissulega ætíð til staðar hvort heldur varðar hákarlaveiðar eða almenna sjómennsku. Í viðtölum mínum við aðila sem ólust upp á gömlum hákarlaveiðislóðum kom fram að það tíðkaðist ekki að ræða sjóslys í landi: „Fólk talaði ekki mikið um það, sársaukinn var svo mikill“ sagði viðmælandi minn Lúðvík Ríkharð hákarlaverkandi, sem ólst upp í Fljótum:⁹⁶ „Menn á þessum litlu bátum, voru ekki að segja frá því í landi, þegar hurð skall nærri hælum, þegar þeir fengu brot á sig og svona“ sagði smábátasjómaðurinn og viðmælandi minn Hilmar F. Thorarensen (f. 1948) sem ólst upp á Gjögri á Ströndum, „Menn voru ekki að gera fólk í landi hrætt út af því sem hafði komið fyrir og gæti komið fyrir á sjónum – hlífðu öðrum við því.“⁹⁷ Upp úr aldamótum 20. aldar breyttist orðspor hákarlaveiða sem erfiðustu og áhættusömustu fiskveiðanna hér við land, með tilkomu breyttrar hagnýtingar á hákarlinum, vélknúinna báta og skemmri veiðiferða. Þá voru veiðar á síðutogurum álitnar hvað háskalegastar, en þær fólu í sér slark, hrakninga og tíða mannskaða: „Gömlu sjómennirnir sem voru á síðutogurunum, það var enginn leikur, það var mjög erfið og hörð vinna, þeir voru látnir vinna sólahringana út áður en vökulögin komu.“⁹⁸

Hákarlmennska

Mikilvægt er að skoða tengsl manna og náttúru út frá kynjasjónarhorni, svo vitnað sé í umhverfissagnfræðinginn Unni Birnu Karlsdóttur: „og þá ekki aðeins út frá líffræðilegu kyni heldur líka kyngervi (e. *gender*), það er hinu félagsmótaða kyni, það er þeim félagslegu væntingum, innrætingu, skilyrðingum og hlutverkum sem móta kynhlutverk.“⁹⁹ Sjónarhorn hákarlamanna í sögunni er einkar karllægt. Heimildir sýna að hákarlaveiðar við Ísland hafi að mestu verið stundaðar af karlmönnum, en konur stunduðu þær veiðar sannarlega líka, til að mynda konur í Breiðafirði og á Ströndum og víðar, líkt og Lúðvík Kristjánsson hefur bent á: „Á seinustu öld bar við, að konur úr Fjörðum og Flatey færu til Grímseyjar og reru þaðan í hákarl sem hásetar.“¹⁰⁰ Hörgull á heimildum um konur í stétt hákarlamanna, sem og hákarlaverkenda, þarf að setja í sam-

⁹⁶ Lúðvík Ríkharð Jónsson (f. 1940), viðtal við höfund.

⁹⁷ Hilmar F. Thorarensen (f. 1948), viðtal við höfund.

⁹⁸ Haukur Jóhannesson (f. 1948), viðtal við höfund. Sjá Eyjólfur Jónsson, *Vestfirskir slysadagar 1880–1940*, Ísafjörður: Sögufélag Ísfirðinga, 1996.

⁹⁹ Unnur Birna Karlsdóttir, „Grænn feminísmi. Vistfeminískir þræðir í íslenski umhverfispólítík“, *Ritid* 22/2022, bls. 141–164, hér, bls. 146.

¹⁰⁰ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenskir sjávarhættir*, 3. bindi, bls. 208–203, 365, hér bls. 209.



Samsett mynd: Hákarlamaður. Andlitsmynd. Ljósmyndari: Kaldakvísl. / Mynd af hákarli: Einkasafn/Kaldakvísl

hengi við hve lítið hefur verið fjallað um ríkan þátt kvenna í sjóstörfum, líkt og Margaret Willson mannfræðingur og Þórunn Magnúsdóttir sagnfræðingur hafa fjallað um í rannsóknum sínum á sjókonum á Íslandi.¹⁰¹ Þess ber að geta að þó svo að heimildakostur um konur á hákarlaveiðum sé rýr og miðli sjaldnast sjónarhorni þeirra kvenna, þá eru til heimildir sem sýna hvernig hákarlaveiðar snertu líf íslenskra kvenna á fleiri vegu en viðvök sjálfum veiðunum, til að mynda útgerðarkvenna sem áttu hákarlaskip, kvenna sem komu að smíði hákarlaskipa, kvenna sem misstu menn sína eða afkvæmi í hákarlaróðrum og kvenna sem verkuðu hákarlsafla. Einnig ber að nefna konurnar sem blessuðu hákarlaskipin áður en haldið var út á haf, líkt og Björg Jónsdóttir (1834–1918) sem gekk skólaus fram og aftur í flæðarmálinu í fjörunni í Haganesvík í Fljótum, uns hún tók stefnuna að hákarlaskipi unnusta síns Sæmundar Jónssonar (1831–1885),

¹⁰¹ Margaret Willson, *Seawomen of Iceland. Survival on the Edge*, Seattle: University of Washington Press, 2016; Þórunn Magnúsdóttir, *Sjókonur á Íslandi 1891–1981*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Sögufélag dreifing, 1988.

Blíðhaga, greip öngla í sitthvora hendina, kraup með þá niður í fjöru og rak þá ofan í sandinn, og slípaði þá þar til allt ryð var af þeim farið: „Þetta er gömul hjátrú frá því fyrir siðaskipti – þegar að menn fóru í hákarlalegur, þá gerðu konur formannanna oft þetta, til þess að þeim gengi vel – svona frásögn veit ég að er ekki skráð neins staðar, ég er búinn að leita allveg hreint út um allt,“ sagði viðmælandi minn og hákarlaskipalíkanasmiðurinn Njörður Sæberg á Siglufirði. Njörður nam mikinn fróðleik um hákarlaveiðar af hákarlamanninum og langafa sínum Kristjáni Jóhanni Jónssyni (1855–1959).¹⁰²

Karlar hafa löngum verið meginviðfangsefni Íslandssögunnar, en kyngervi karla hefur hins vegar fengið mun minni umfjöllun en kyngervi kvenna, þar með talið kyngervi karla í sjómannastéttinni.¹⁰³ Frásagnir af hákarlaveiðum fyrir tæknivæðingu íslenska báta- og skipaflotans lýsa karlmettaðri menningu sem réð ríkjum í hákarlaverum og um borð í hákarlaskipum, líkt og kynjahalli meðal hákarlamanna, karllægt málfar hákarlamanna og karlmennskuímyndir eru til vitnis um. Gjarnt var að tengja sjómannahæfileika hákarlamanna við líffræðilegt kyn karla og jafnan vísað til *karlmennsku* hákarlamanna.¹⁰⁴ Ég hygg að það sé ekki of mikið sagt að hákarlamenn fyrr á öldum væru taldir búa yfir meiri karlmennsku en aðrar starfsstéttir karla á Íslandi, til lands og sjávar – nokkuð sem kalla mætti *hákarlmennsku*. Hákarlalegur koma fyrir sjónir sem vettvangur þar sem menn létu reyna á karlmennsku sína og hafið sem vígvöllur þar sem hákarlamaðurinn og náttúruöflin tókust á – og einnig hákarlamenn sín á millum. Algengt var að lýsa hákarlamönnum sem stríðsmönnum eða hetjum hafsins með hliðsjón af viður- eignum þeirra við hákarlinn og aðra þætti óbeislaðrar náttúru. Algeng viðmið fyrir karlmennsku hákarlamanna voru; líkamsbygging, skapgerð, veiðieðli, ofbeldishneigð, dugnaður, seigla, reynsla, starfsgeta og starfsþrek, vindrykkja, lýsis- drykkja, kaffidrykkja, matarræði og fleiri viðmið sem gátu tekið breytingum millum kynslóða. Hákarlamönnum var oft lýst sem framandlegum mönnum á jaðri mannabyggða, í verum og á hafi úti; ofursterkir menn sem gátu drukkið manna mest og étíð manna mest: „gengu margar skrítnar sögur af hákarlamönnum, einkum þó ef þeir voru mjög sterkir, gat það þá líka viljað til að þeir væru mjög

¹⁰² Njörður Sæberg Jóhannsson (f. 1945), viðtal við höfund.

¹⁰³ Sjá skrif um kyngervi íslenskra sjómanna: Unnur Dís Skaptadóttir, „Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn. Hafið í sjálfsmýnd Íslendinga“, *Frændafundur 3. Fyrirlestrar frá íslensk-feræyskri ráðstefnu í Reykjavík 24.–25. júní 1998*, ritstjórar Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2000, bls. 80–90; Margaret Willson, *Seawomen of Iceland*, bls. 94–105.

¹⁰⁴ Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Karlmennskuímynd hákarlamanna fyrr á tíð“, *RÚV*. 2. maí. 2022, sótt 8. apríl 2024 af <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2022-05-02-karlmennskuimynd-hakarlamanna-fyrr-a-tid>

stirðir og sérkennilegir á ýmsan hátt.¹⁰⁵ Verin og hákarlaskipin koma fyrir sjónir sem framandlegur heimur, þar sem skálarnir/verbúðirnar báru sérheiti, líkt og í Seley: „Fjósið, Himnaríki, Hóla, Höfðabrekka, Laxabúð, Márstaðir, Ólabúð, Stóriskáli, Víti og Vítishjáleiga“ og menn voru uppnefndir: „Jarlinn, Kattarhryggur, Kerlingarbaní, Klár, Kringilklof, Kussa.“¹⁰⁶ Góðir hákarlamenn þóttu mikil eða sönn karlmenni, en hákarlamenn sem stóðu sig síður vel þóttu minni karlmenni, og voru jafnvel kvengerðir. Slík viðhorf eru í takti við tíðarandann á 19. öld, líkt og kemur fram í endurminningaskrifum karla til lands og sjávar, en þau sýna hvernig vísað var til karla sem voru hraustir, úthaldsgóðir og rammir að affi sem mikilla karlmanna, og þá jafnvel skeytt viðurnefninu stóri eða sterki við skírnarnafn þeirra, líkt og í tilfelli hákarlamanna: „Fyrst skal telja Pál Rangvöll. Hann var stór vezti og myndarlegur, en hafði vagl á öðru auga. Hann var þróttmikill og duglegur, rólegur hversdagslega, en svaðamenni við vín, en vín drakk hann, þegar hann átti þess kost. Hann var matmaður með afbriðgum.“¹⁰⁷

Hákarlamenn studdust við ýmsar mælistikur til að taka út styrkleika hver annars, til að mynda hve vel menn stóðu að velli í aflahrotum um borð, eða í steinatökum, glímum og öðrum afraunum í verum: „Í syðstu höfninni á Selwynni voru steinar þrír, sem eyjaskeggjar reyndu krafta sína á. Þeir hétu Lambið, Ærin og Hrutúrinn.“¹⁰⁸ Fyrirnefndur hákarlaskipalíkanasmiður Njörður Sæberg sagði mér frá hákarlakonu í Fljótunum, Steinunni Árnadóttur (1852–1933), sem tryggði sér skipsrúm á hákarlaskipi föður síns með því að sanna líkamlega krafta sína á kynjuðum vinnuvettvangi hákarlaveiða. Í frásögn sinni notaði Njörður sem söguvið myndarlegt hákarlaskipslíkan sem hann smíðaði: „taktu eftir“ sagði Njörður og benti mér á tvö hólf í skipslíkaninu:

Njörður: Það var byrjað á því að setja kjölfestuna í skipið, vermennirnir báru grjót í skipið. Það voru karlmenn sem báru grjót í þetta hólf, og taktu eftir því að hér eru stærri steinar heldur en hér, það var vegna þess að konur sem voru í verunum þær báru steina um borð í þetta hólf sem var kallað *kerlingahólf*. Það var ein kona hérna í Fljótum sem hét Steinunn. Hún hafði oft farið í legur með pabba sínum sem var formaður á hákarlaskipi í Fljótum. Eitt sinn bað hún

¹⁰⁵ Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn*, bls. 29.

¹⁰⁶ Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi. Endurminningar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1949, bls. 45.

¹⁰⁷ Guðmundur Gíslason Hagalín, *Virkir dagar*, 1. bindi, bls. 138.

¹⁰⁸ Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 47.

hann um að fá að fara með en hann vildi það ekki, því að málið var það að það var ungur maður um borð sem var nú orðinn svolítið hrifinn af henni og pabbi hennar vildi ekki að þau væru saman af því hann átti það til að skvetta í sig – hann vildi skilja hana eftir heima. Steinunn var nú ekki sátt við þetta, þegar hún fékk neitun – en hún var heljarmenni. Hún ræddi við unnusta sinn um hvernig hún ætti að refsa pabba sínum og hún fann lausn. Hún var heljarmikil að burðum – hún tók stærsta steininn sem var í fjörinni og fór með hann í karlahólfid. Síðar komu vermennirnir með steina og fylltu hólfid hérna, sem var yfirleitt kallað lifrakassi – og svo var haldið á sjó. Þá þurfti að ryðja skipið svo það myndi losna við ballestina. Menirnir fara að taka steinana úr hólfunum og henda þeim útbyrðis. Stóri steininninn lá neðst. Einn mannanna ætlar að taka hann upp, en getur ekki loftað honum hann var svo þungur. Kallinn [formaðurinn] snarast fram fyrir og ætlar að lyfta steininum en rétt getur lyft honum upp, og í annarri tilraun þá kemur hann honum upp hérna upp á þóftuna og öskrar: „Hver setur svona stóran stein í skipið?“ Og þá var sagt fram í, það var unnusti hennar Steinunnar: „Jah það var nú dóttir þín.“ Eftir það var aldrei talað um kerlingahólf í Fljótum, þó konur settu steina í skipin, aldrei. Vegna þess að kona hafði sett svo stóran stein í skip að menn lyftu honum ekki upp á þóftu.¹⁰⁹

Hugmyndir um karlmennsku hákarlamanna breyttust marktækt með vélvæðingu báta- og skipaflotans og sökum þess að færri voru í áhöfn. Breytt viðhorf til karlmennsku sjómanna með hliðsjón af tæknibreytingum er gömul saga og ný á alþjóðavísu.¹¹⁰ Hugmyndir um karlmennsku hákarlamanna höfðu tengingu við hvort skipin sem þeir stunduðu veiðarnar á voru knúin áfram af árum, seglum eða mótör. Karlmennska hákarlamanna byggði líka á veiðarfærunum; þeim mun

¹⁰⁹ Njörður Sæberg Jóhannsson (f. 1945), viðtal við höfund. Sjá einnig Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason og Kári Gunnarsson, *Byggðasaga Skagafjarðar. 8. bindi. Fellshreppur – Haganes-hreppur*, Sauðárkrúkur: Sögufélag Skagfirðinga, 2017, bls. 316.

¹¹⁰ Sjá Laika Nevalainen, „A Real Men’s Profession’. Finnish Sailors and Masculinities at the beginning of the Twentieth Century“, *Negotiating Masculinities and Modernity in the Maritime World, 1815–1940*, ritstjórar Karen Downing o.fl., London og New York: Palgrave Macmillan, 2021, bls. 129–150.



Njörður Sæberg Jóhannsson (f. 1945). Ljósmyndari: Kaldakvísl.

frumstæðari sem færin voru, þeim mun meiri karlmennskuhugmyndir tengdust veiðunum. Í því sambandi má nefna karlmennskuhugmyndir um hákarlamenn sem drógu færið með handafla á opnum vélbátum á öndverðri 20. öld: „Auðvitað voru komnir mótórar í bátana á fyrri hluta 20. aldar, en þegar að menn höfðu fengið vélar í bátana og gátu farið að sigla lengra, þá höfðu þeir engar græjur, engin spil eða neitt til að léttja sér störfín. Þá var þetta allt gert á höndum.“¹¹¹


¹¹¹ Björgvin Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.



Hreinn Björgvinsson (f. 1943). Ljósmyndari: Kaldakvísl.

Hreinn Björgvinsson hákarlamaður hóf hákarlaveiðar 14 ára gamall á 2,5 tonna trillu, með bóndanum og hákarlamanninum Alberti Ferdinand Ólafssyni (1928–1999) frá bænum Leiðarhöfn í Vopnafirði þar sem Hreinn var í vinnumennsku: „Maður drakk þetta í sig eins og móðurmjólkina,“ sagði Hreinn um hákarlaveiðarnar. Í samtali okkar um karlmennsku hákarlamanna tók Hreinn skýrt fram hvað veiðafærin og tilheyrandi starfshættir höfðu mikil áhrif á þolgæði hákarlamanna sem nutu ekki þeirra tækja og tóla sem síðari tíma hákarlamenn bjuggu að:

Hreinn: Það var allt gert á höndum. Maður dró hákarlínuna upp á höndunum. Það var léttast að vitja um hákarlínuna ef það var dálðið þungur sjór, þá strekktist á henni þegar báturinn fór upp á ölduna, svo fór hann niðri og þá slaknaði á. Maður þurfti að hafa tilfinningu fyrir því. Nú ekki mátti maður sleppa, ef maður var sjóveikur og þurfti að æla, þá ældi maður bara. En maður mátti ekki sleppa línunni því þá húrðaði allt út. Þannig að já þarna var erfiðið sem náttúrulega mótaði mann og gerði menn sterkari heldur en er í dag. Nú er allt unnið með vélum og spilum, það eru engin átök, þetta er allt annað líf, léttara.¹¹²



Samsett mynd:
Helgi Héðinsson (f. 1928). Ljósmyndari: Kaldakvísl. / Hákarl veiddur í troll á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni. Ljósmyndari: Jóhannes Sturlaugsson.

¹¹² Hreinn Björgvinsson (f. 1943), viðtal við höfund. Sjá einnig Snæbjörn Kristjánsson, *Saga Snæbjarnar í Hergilsey*, bls. 64.

„Ég veit ekki hvað menn segja um karlmennsku [segir spaugsamur]. Það þurfti enga karlmennsku til að veiða hákarl. Ég gat ekki fundið það,“ sagði Helgi hákarlamaður: „Nei ekki var það hér á Skjálfanda að minnsta kosti, þá var öll útilega hætt.“¹¹³ Viðtöl mín við sjómenn sem stundað höfðu hákarlaveiðar á 20. og 21. öldinni gáfu innsýn í viðhorf þeirra til karlmennskuhugmynda um hákarlamenn og hákarlaverkendur á 20. og 21. öldinni. Í viðtölunum spurði ég viðmælendur mína, hákarlamennina, eftirfarandi spurningar: „Í frásögnum af hákarlaveiðum fyrr á tímum kemur fram að hákarlamenn voru gjarnan sagðir mikil karlmenni. Voru hugmyndir um karlmennsku enn viðloðandi við hákarlaveiðar þegar þú byrjaðir að ástunda þær?“ „Neihe! Engan veginn, aldrei“ sagði einn hákarlamaðurinn og hló. Það vakti athygli að allir viðmælendurnir brugðust ókvæða við orðinu karlmennska og voru á köflum heimóttarlegir í svörum sínum: „Neinei, neinei, neinei.“¹¹⁴ Í viðtölunum spurði ég hákarlamennina hvort þeir þekktu til þess að hákarlaveiðar og verkun væru almennt álitin vera karlmannleg iðja á 20. og 21. öld, sem þeir svöruðu neitandi – nokkuð sem er í þversögn við birtingarmyndir hákarlaveiða og annarra veiða á stórum rándýrum í dægurmenningunni:¹¹⁵ „Ég var að veiða hákarl – ekki það að mér finnist þetta einhver karlmennska, þetta er spennandi, það finnst öllum þetta spennandi.“¹¹⁶ Viðmælendur mínir töldu hákarlaveiðar á vélbátum ekki eiga neitt skylt við karlmennskuhugmyndir, þó svo að þeir lofuðu hreysti fyrri tíma hákarlamanna sem stunduðu hákarlalegur, en þeir veigruðu sér þó við því að notast við orðið karlmennska í því samhengi – ólíkt fyrri alda hákarlamönnum sem studdust ítrekað við orðið karlmennska í lýsingum sínum.

Í ljósi þess að hákarlamennirnir sem ég tók viðtöl við höfðu stundað aðra sjómennsku á smábátum og togurum meðfram hákarlaveiðunum, spurði ég þá til samanburðar hvort og þá hvaða karlmennskuhugmyndir hefðu verið ríkjandi um íslenska sjómenn í þeirra sjóaratíð. Menirnir kváðust ekki þekkja til þess að sjómenn á þeim tíma hefðu verið álitnir búa yfir karlmennsku, nokkuð sem er á skjön við ríkjandi hugmyndir um sjómennsku sem finna má í íslenskri dægurmenningu til að mynda í lagatextum, kvikmyndum og skrifum um sjómenn, þar sem bregður fyrir margs konar orðræðum tengdum sjómönnum

¹¹³ Helgi Héðinsson (f. 1928), viðtal við höfund.

¹¹⁴ Óli Hjálmar Ólason (f. 1931), viðtal við höfund.

¹¹⁵ Sjá David Quammen, *Monster of God. The Man-Eating Predator in the Jungles of History and the Mind*, New York og London: W.W. Norton & Company, 2003; Dean Crawford, *Shark*, London: Reaktion Books, 2008, kindle útg., annar og sjötti kafli.

¹¹⁶ Ríkhart Lúðvíksson (f. 1964), viðtal við höfund.

með beinni vísan í karlmennsku þeirra.¹¹⁷ Svör mannanna og meðfylgjandi raddblær og svipbrigði gáfu til kynna að mönnunum fyndist óþægilegt að ræða sjóstörf sín í tengslum við karlmennskuhugmyndir, sem má máské rekja til fremur nýlegrar opinberrar umræðu um skaðsemi karlmennsku: „Ég veit ekki af hverju þetta kallast karlmennska“ sagði einn hákarlamaðurinn og hló stuttaralega.¹¹⁸ Einn viðmælandinn kvaðst kannast við karlmennskuímyndir í starfsumhverfi sjómanna í sínu byggðarlagi, sem byggðu á því hve lengi sjómenn voru fjarverandi frá heimilum sínum: „Það var eins og togarasjómenn væru svona mestu karlmennirnir, ekki smábátasjómenn. Þeir voru eiginlega bara svona frekar óþjóðalýður, trillukallar og svolleiðis. Einn gaf þeim nú nafnið, það má nú ekki segja það einu sinni; hann talaði alltaf um trilluhomma,“ sagði hákarlamaðurinn og bætti við: „Júú það þurftu náttúrulega að vera karlmenn á þessum togurum, sérstaklega síðutogurunum, en svo þegar þetta kemur til, skuttogaraöldin – auðvitað er þetta svo sem engin karlmennska þannig.“¹¹⁹ Viðhorf til smábátasjómanna sem „komu alltaf heim á kvöldin“ sem dugminni manna í samanburði við togarasjómenn, hafa beina skírskotun í sterka karlmennskuímynd hákarlamanna á 19. öld, sem þóttu mikil hreystimenni ekki síst sökum þess að þeir fóru lengra út og voru lengur á veiðum en aðrir sjómenn – ólíkt nútímans hákarlamönnum sem leggja línuna og fara svo strax heim, og vitja hennar síðan eftir eina eða fleiri nætur.

Lokaorð

Skal hér þá staðar numið, og er lítið eitt sagt af því, sem segja mætti. – Eins og sagt var í upphafi þessa máls, eru þeir tímar og það líf, sem skýrt hefir verið frá á þessum blöðum, nú ekki til lengur, nema í endurminningum einstöku eldri manna... Tímarnir breytast stöðugt og bráðlega er allt þetta gleymt. – Tilgangur minn hefir verið sá að reyna að varðveita lítið eitt af þessum gömlu endurminningum og forða þeim frá að glatast með öllu, þegar við eldri mennirnir föllum í valinn.¹²⁰

Þessi orð ritaði norðlenski hákarlamaðurinn og rithöfundurinn Theódór Friðriksson í listasmíði sinni *Hákarlalegur og hákarlamenn* frá árinu 1933, sem hér

¹¹⁷ Unnur Dís Skaptadóttir, „Sæmd er hverri þjóð að eiga sagnarpa enn“, bls. 80–90.

¹¹⁸ Sverrir Björnsson (f. 1939), viðtal við höfund.

¹¹⁹ Björgvín Agnar Hreinsson (f. 1964), viðtal við höfund.

¹²⁰ Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn*, bls. 135.

er títt vitnað í. Skrifin byggði Theódór á eigin minningum sem og minningum annarra hákarlamanna sem stunduðu hákarlaveiðar á árabátum og þilskipum sérilagi fyrir lifrina; minningar um erfiðan veiðiskap oft fjarri landi, við þaulsetuveiðar þar sem oft var unnið á vöktum við að lokka hákarlinn á krókin, sem að endingu var dreginn með handaflí. Minningar Theódórs og fjölda annarra hákarlamanna sem stunduðu hákarlaveiðar á róðrabátum og seglskipum á 19. öld og snemma á 20. öld, beina sjónum að nauðsyn þess að kanna með fræðilegum hætti hvernig hafið og hákarlinn mótaði vinnu og vinnumenningu hákarlamanna á skútuöldinni, og hvernig vinnutengdur reynsluheimur hákarlamanna breyttist á vélbátaöldinni. Slíkt er markmið þessarar greinar sem byggir sérilagi á endurminningum hákarlamanna á skútuöldinni og viðtölum mínum við hákarlamenn á vélbátaöldinni.

Samanburður á veiðum hákarlamanna fyrir og eftir vélbátaöldina vitnar um ólíka vinnutengda reynsluheima hákarlamanna á þeim tímabilum. Reynslusagnir hákarlamanna sem stunduðu veiðar á árabátum og þilskipum gefa inn-sýn í horfinn reynslu- og hugmyndaheim manna á hafi úti. Þær sagnir sýna hve berskjaldaðir hákarlamenn fyrri tíma voru andspænis náttúruöflunum við veiðar sínar – og um leið hvernig náttúruöflin mótuðu atgervi og atferli hákarlamannanna við veiðarnar. Hákarlaveiðar fyrri alda voru viðsjárverðar og fólu í sér mikla andlega og líkamlega áreynslu. Gjarnt var að vísa til jákvæðra eiginleika hákarlamanna sem *karlmennsku*. Hákarlamenn voru taldir búa yfir hinni eiginlegu karlmennsku – eins konar *hákarlmennsku*. Karlmennskuímyndir fyrri tíma hákarlamanna þjónuðu að miklu leyti sem viðmið varðandi það hvernig menn skyldu bera sig að við veiðar á hákarli og við háskalegar aðstæður á hafi úti; á tímum þegar að hákarlaveiðar reyndu verulega á manninn. Hákarlaveiðar á 20. og 21. öldinni grundvölluðust sem fyrr á veiðum og verkun á hákarlinum, en sjálfar veiðarnar gerbreyttust með tilkomu vélvæðingu íslenska báta- og skipaflotans og breyttri nýtingu á hákarlinum. Síðari tíma hákarlamenn sóttu miðin á vélbátum, lögðu línur og héldu síðan heim, og vitjuðu línanna íðulega fáeinum dögum síðar. Tæknivæðing sjávarútvegarins, með tilheyrandi mótorknúnum bátum, spilum og rafrænum staðsetningartækjum, markaði vinnuaðferðir þessara síðari tíma hákarlamanna, allt frá læsi þeirra á hafinu og hákarlinum til sjálfra veiðanna sem gerðu ekki lengur sömu kröfur varðandi líkamlega og andlega seiglu.

Íslendingum ber að varða hag sjávarins, ef sjórinn á að varða hag þeirra, svo vitnað sé í fyrri tíma hákarlamanninn Sæmund Sæmundsson sem sagði eitt sinn um sjóinn, í kjölfar þess að hann var nærri því búinn að taka syni hans: „Skyldi

honum þykja ég vera búinn að sækja í hann nóg, án þess að hafa goldið honum annað í staðinn en fiskblóð og svíta?¹²¹ Mikilvægt er að fræðimenn vorra tíma vinni að því að styrkja samband manna við hafið og lífríki þess, vegna vár er vofir yfir sjálfbærni hafsins af mannavöldum. Hluti af þeirri viðleitni felst í því að rannsaka sögu sambands Íslendinga við hafið og sjávardýrin. Íslandssagan er rík af hafminningum manna, og þar bera hæst minningar þeirra sem hafa lifað og hrærst á yfirborði sjávar, sjómanna. Reynslusögur íslenskra sjómanna gefa einstaka innsýn í samband manna við sæinn og vistkerfi þess, líkt og reynslusögur hákarlamanna vitna um; sögur af sambandi manna og fiska sem spannar alla leið frá hafflettinum niður í hafdjúpin.

ÚTDRÁTTUR

Um aldir hafa Íslendingar stundað veiðar á hákarli (*Somniosus microcephalus*) – og um aldir hefur hákarlinn sett mark sitt á vinnu Íslendinga á hafi úti. Í þessum skrifum er fjallað um veiðitengt samband íslenskra hákarlamanna við hafið og hákarlinn út frá sjónarhorni hákarlamanna er stunduðu hákarlaveiðar á 19.–21. öld. Áhersla er lögð á að greina þau tengsl og þá þekkingu sem hákarlamenn öðluðust á hafinu og hákarlinum við hákarlaveiðar. Rýnt er í breytingar á veiðitengdu sambandi hákarlamanna og hákarla með hliðsjón af tæknivæðingu íslenska báta- og skipaflotans og breyttri nýtingu á hákarlinum. Í skrifunum er einkum og sérílagi stuðst við endurminningaskrif manna sem stunduðu hákarlaveiðar á opnum bátum og skútum á 19. öld og öndverðri 20. öld, sem og sagnfræðiviðtöl sem ég tók við hákarlamenn sem stundað hafa hákarlaveiðar á vélbátum á 20. og 21. öldinni. Skrifin varpa ljósi á gerendahæfni hafsins, hákarlsins og hákarlamannsins í sögu hákarlaveiða við Ísland.

Lykilorð: hákarl, hákarlamenn, hafsaga, munnleg saga, karlmennska, Ísland

ABSTRACT

Icelandic shark fishermen out at sea

The interaction between natural forces and shark fishing

For centuries, Icelanders have been fishing for the Greenland shark (*Somniosus microcephalus*) - and for centuries, the Greenland shark has shaped the work of Icelandic shark

¹²¹ Guðmundur Gíslason Hagalín, *Virkir dagar*, 2. bindi, bls. 267.

fishermen out at sea. This article examines the hunting relationship between Icelandic shark fishermen and the Greenland shark from the perspective of shark fishermen in the 19th to the 21st century. Emphasis is placed on examining how shark fishermen formed a connection and gained knowledge about the ocean and the Greenland shark through shark fishing. Furthermore the article explores changes in the relationship between shark fishermen and sharks with regards to the technologicalization of the Icelandic boat and ship fleet and the changing exploitation of the Greenland shark. The article is based on memoirs of fishermen who hunted sharks on rowboats and schooners in the 19th century and the early 20th century. It is also based on my oral history interviews with shark fishermen who hunted for sharks on motorboats in the 20th and 21st centuries. The article sheds light on the agency of the ocean, the Greenland shark and shark fishermen in the history of Icelandic shark fishing.

Keywords: Greenland shark, shark fishermen, ocean history, oral history, masculinity, Iceland

DALRÚN KALDAKVÍSL

Doktor í sagnfræði

dalrunsaga@gmail.com

